




SKOÐUN Ásta Bjarnadóttir ráðgjafi segir vel hægt að auglýsa stöður sendiherra. **11**



LÍFID Íslendingur kennir fólki að ná langt í Hollywood, ásamt eiginmanni sínum. **30**



SPORT Kristján Þór Einarsson sigraði góðgerðarmótið Einvígið á Nesinu í gær. **26**

URVALIÐ ER NÝR 8BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF HEITUSTU GRÆJUNUM FYRIR SKÓLANN

8BLS BÆKLINGUR
FRÉTTABLAÐINU Í DAG STÚTFULLUR AF HEITUSTU GRÆJUNUM

TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmóla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlöð 2 • 430 6900

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
5. ágúst 2014
181. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þrenniMaksimum-Circulation-Gallup-apríl-júní 2014

FRÉTTIR



Skoða virkjanakosti

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar hefur samþykkt að kanna smávirkjanakosti fyrir landeigendur. Flestir kostir eru í löndum einkaaðila. **4**

Vinnsla í fyrra horf Fiskeldið virðist vera svarið hjá Flateyringum sem fóru flatt á kvótaleigunni. **6**

Aukakíló í mannúðarmál Friðrik Bergmannsson færkar kílóum og safnar um leið áheitu fyrir Einstök börn. **6**

Ebóla í Nígeríu Læknir sem sinnti manni sem var smitaður af ebóla er sjálfur smitaður af veirunni. **8**



Bolungarvík	9°	NA	9
Akureyri	9°	NA	5
Egilsstaðir	10°	NA	5
Kirkjubæjarkl.	13°	NA	3
Reykjavík	14°	A	3

Rigning A- og S-lands og víða smáskúrir. Hæg NA-læg, þetta 3-10m/s. Hiti 8-16 stig, hlýjast V-lands og minnstu líkur á úrkomu þar. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



FYLGIR BLAÐINU!

ALDREI MEIRA FARTÖLVUURVAL

55 GEMDIR AF FARTÖLVUM

49.990

FARTÖLVUBÆKLINGUR

Vísbending um svarta vinnu

Beiðnum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti fer fækkandi. Gæti verið vísbending um að svört vinna sé að aukast. Önnur skýring er sú að á votviðrissumrum noti fólk peningana sína frekar í sólarlandaferðir en viðhald fasteigna.

ATVINNA Beiðnum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds íbúðahúsnæðis hefur fækkað verulega á þremur árum. Framkvæmdastjóri Samiðnar segir mögulegt að svört vinna sé að aukast en framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir til í dæminu að á rigningarsumrum eins og í fyrra sækir fólk til sólarlanda frekar en að láta dytta að fasteignum sínum.

Samkvæmt tölum frá Ríkisskattstjóra voru beiðnir um endurgreiðslu í heildina 18.024 árið 2010. Í fyrra voru afgreiddar endurgreiðslubeiðnir aftur á móti 13.911, þar af 12.442 vegna viðhalds á húsnæði en 1.469 vegna nýbygginga. Virðisaukaskattur að upphæð 2.906 milljónir hefur verið endurgreiddur vegna ársins 2010 en 2.629 milljónir vegna ársins 2013. Þær tölur miðast við verðlag hvers árs.

Ráðist var í átakið Allir vinna til að örva framkvæmdir fyrst eftir hrun en það hefur verið framlengt á hverju ári. Verkefnið felur meðal annars í sér að allur virðisaukaskattur af vinnu við íbúðarhúsnæði er endurgreiddur.

Vinna við gerð fjárlagafrumvarpsins stendur nú sem hæst. Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um það hvort fjármálaráðherra hyggst framlengja átakið aftur. Hann hefur þó sagt að hann vilji einfalda virðisaukaskattskerfið.

Kristrún Heimisdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, segir að samtökin hafi átt ríkan þátt í að koma Allir vinna á. „Við teljum það svo vel heppnað að við hvetjum til þess að það haldi áfram,“ segir Kristrún. „Við vitum líka að öflug kynning skiptir máli og það væri spennandi að fara í nýtt kynningarátak,“ bætir hún við.

„Við fyrstu sýn virðast [endurgreiðslubeiðnir] í takt við það sem við vitum, að einstaklingar eru ekki mikið í nýframkvæmdum og að rigningarsumur hindra viðhald húsa sem ella færi fram. En við munum rýna betur í þessar nýju upplýsingar,“ segir Kristrún enn fremur.

FJÖLDI BEIÐNA UM ENDURGREIÐSLU Á VSK VEGNA NÝBYGGINGA OG VIÐHALDS HÚSNÆÐIS

2010	16.075	1.949	18.042
2011	14.406	1.915	16.321
2012	14.347	1.808	16.155
2013	12.442	1.469	13.911

■ VEGNA VIÐHALDS ■ VEGNA NÝBYGGINGA

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að það komi á óvart að endurgreiðslubeiðnum fækki. Hann bendir þó á að verkefnið sé minna kynnt fyrir almenningi núna en áður. „Þetta var sérstaklega auglýst á tímabili til að reyna að örva framkvæmdir þegar þær voru í lágmarki. Þessu var haldið mjög að fólki til að fá það til að nýta sér þetta til að fara í framkvæmdir,“

segir Þorbjörn. Hann segir að líka megi velta fyrir sér hvort svarta vinnan sé að aukast aftur. Þegar verkefni eru unnin svart sækir fólk eðli málsins samkvæmt ekki um endurgreiðslu. „Það er auðvitað umhugsunarvert þó að það sé ekki hægt að vera með neinar fullyrðingar. Þegar peningaveltan verður meiri þá vill svarta vinnan aukast,“ segir Þorbjörn.

-jhh



Á LEIÐ Í BÆINN Pung umferð var á Suðurlandsvegi í gær en gekk greiðlega án nokkurra flöskuhálsa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Engin kynferðisbrot kærð eftir útihátíðir helgarinnar og lögregla nokkuð sátt:

Sextán ökuníðingar handteknir

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Borgarnesi hafði í gær handtekið sextán manns fyrir að hafa ekið of hratt, en að öðru leyti hafði umferðin gengið greiðlega þrátt fyrir mikið álag á vegakerfi landsins.

Að mati lögreglu fóru útihátíðir verslunarmannahelgarinnar vel fram. Engin kynferðisbrot höfðu

verið kærð og ekki urðu nein alvarleg umferðarslys.

Töluverður næturerill var þó hjá lögreglunni á Akureyri og í Vestmannaeyjum, en á Ísafirði gekk allt að óskum. Meira að segja fíkniefnahundurinn greip í tómt. Lögreglunni á Akureyri barst ein tilkynning um líkamsárás aðfaranótt föstudags, en í

Eyjum voru fimm líkamsárásir kærðar.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir þó of snemma að fagna vel heppnaðri helgi. Í fyrra hafi tíu nauðganir átt sér stað á útihátíðum, en ekkert fórnarlambanna hafði leitað sér aðstoðar áður en helgin var úti.

-jse, gb / sjá síðu 4

Gróðureldar í Svíþjóð:

Rýma þurfti þrjú þorp

SVÍÞJÓÐ Rýma þurfti þrjú þorp í gær vegna gróðurelda sem geisluðu á Vestmannaalandi í Mið-Svíþjóð. Fyrst var það þorpið Gammelby, þar sem 80 manns búa, en síðar um daginn bættust tvö þorp við.

Alls höfðu um þúsund manns yfirgefið heimili sín í gærkvöld. Einn maður brann illa. Þá höfðu yfirvöld um tíma áhyggjur af níu manns sem höfðu lokast inni vegna eldanna.

Mikið hvassviðri er á þessum slóðum og nærri 35 stíga hiti. Erfitt hefur því reynt að ráða niðurlögum eldanna, en meðal annars hafa þylrur verið notaðar til að varpa sjó á eldana. -gb

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

NÝJASTA ÆÐIÐ!

Hefur þú prófað?

Gott ráð við:
Harðsperrum
Vöðvakrömpum
Stirðleika
Preyту

Magnesium sport spray

BetterYou

www.gengurvei.is

SPURNING DAGSINS



Ingó, fauk í þig í brekkusöngnum?

„Nei, ég er svoddan mannvitsbrekka.“

Ingólfur Pórarinnsson sá um Brekkusönginn í allmiklu roki í Eyjum á laugardagskvöldið.

Eitt ár liðið frá flugslysi við Hlíðarfjallsveg á Akureyri þar sem sjúkraflugvél hrapaði á kappakstursbraut: Enn beðið eftir skýrslu rannsóknarnefndar

SLYS Eitt ár er liðið frá því að TF-MYX, sjúkraflugvél frá flugfélaginu Mýflugi, brotlenti á kappakstursbraut Bílaklúbbs Akureyrar við Hlíðarfjallsveg á Akureyri. Slysið er enn til rannsóknar hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Geirþrúður Alfreðsdóttir, formaður rannsóknarnefndarinnar, segir að rannsóknin á flugslysinu sé enn í vinnslu og lokaniðurstaða ekki að vænta í brád. Eðlilegt sé að rannsókn af þessari stærðargráðu taki nokkurn tíma.

Þrír voru í vélinni þegar hún brotlenti og létust tveir þeirra. Vélín var á leið til Akureyrar úr sjúkraflugi þegar hún brotlenti.

Flugvélín var af gerðinni Beech King Air B200, gerð út af Mýflugi og sérhönnuð til sjúkraflugs.

Í bráðabirgðaniðurstöðum rannsóknarnefndar samgönguslysa segir að vélín hafi misst hæð í vinstri beygju og rekið væng niður í kappakstursbrautina með þeim afleiðingum að hún brotlenti.

Bræður Péturs Róberts Tryggvasonar, annars þeirra sem fórust í flugslysinu, hafa óskað eftir því að fram fari lögreglurannsókn á flugslysinu þar sem þeir telja bráðabirgðaniðurstöður stangast á við orð vitna og myndbandsupptöku sem til er af slysinu. Nú er hins vegar beðið eftir lokaniðurstöðu rannsóknarnefndarinnar svo hægt sé að gera sér betur grein fyrir niðurstöðum hennar áður en lögreglurannsókn fer fram.



FLUGSLSY Á AKUREYRI Enn er beðið eftir lokaniðurstöðum rannsóknarnefndar samgönguslysa. MYND/BALDVINFREYR



BJARGAÐ ÚR RÚSTUNUM Stúlka sem lífið af jarðskjálftann borin burt.

NORDICPHOTOS/AFP

Mikið tjón vegna öflugs jarðskjálfta í sunnanverðu Kína: Þúsundir heimila eyðilögðust

KÍNA, AP Nærri fjögur hundruð manns hið minnsta létu lífið þegar öflugur jarðskjálfti varð í Ludian-sýslu í sunnanverðu Kína á sunnudag. Nærri tvö þúsund manns slósuðust.

Um tólf þúsund heimili eyðilögðust í skjálftanum, sem mældist 6,1 stig. Í gær hafði tekist að bjarga rúmlega 32 manns á lífi úr rústunum, þar á meðal fimm ára dreng sem hafði orðið fyrir meiðslum á fótleggjum.

Töluverð fátækt er á þessum slóðum og gat fólkíð litla björg sér veitt, en beðið eftir björgunarfólki sem var á leiðinni með matvæli og lyf.

Mikill skortur er á lyfjum og læknaþúnaði á jarðskjálftasvæðinu. Úrhellisrigning torveldaði jafnframt björgunarstörfin. -gb



SKUGGI Loftmynd af svæðinu þar sem torfbærinn var grafinn upp.



AÐ STÖRFUM Hluti fornleifafræðinganna að störfum við uppgroftinn á Skugga.



MÆLT ÚT Fornleifarannsóknir hafa farið fram í Staðartungu undanfarin sumur.

Tólf frá sjö löndum grófu upp Skugga

Tólf manna hópur fornleifafræðinga frá sjö löndum hefur grafið upp torfhúsið Skugga í Hörgárdal. Rannsóknin er samstarf City University of New York og Fornleifastofnunar Íslands. Býlið er mjög ofarlega í dalnum sem þykir koma á óvart.

FORNLEIFAR Tólf fornleifafræðingar frá sjö löndum hafa grafið upp torfhúsið Skugga í Staðartungu í Hörgárdal, skammt frá mynni Myrkárdals.

Fornleifarannsóknir hafa farið fram þar undanfarin sumur og í júlí hélt hópur af fornleifafræðingum starfinu áfram. Við rannsóknina vinna saman starfsmenn City University of New York og Fornleifastofnunar Íslands.

Síðasta sumar fundust leifar af húsinu undir öskuhaug frá 10. til 11. öld. Það reyndist vera íbúðarhús með þykku gólflagi og eldstæði. Gripirnir sem fundust í húsinu voru hefðbundnir fyrir víkingaaldarhús en meðal þess sem fannst voru perlur og járngríp.

Að sögn Gísla Pálmasonar hjá Fornleifastofnun Íslands var húsið byggt á eldri öskuhaug og

því ljóst að um er að ræða ævafornn býli. „Það kemur hálfpartinn á óvart að býlið er mjög ofarlega í dalnum og hátt í hlíðinni. Skynsemin segir manni að betra landið nær Eyjafirði hafi líklega verið numið fyrst og samkvæmt því er líklegt að dalurinn hafi verið fullnuminn snemma á landnámsöld,“ segir Gísli, spurður út í uppgroftinn.

freyr@frettabladid.is

Google tilkynnir barnaklám: Handtekinn eftir ábendingu

BANDARÍKIN Rúmlega fertugur Bandaríkjamaður hefur verið handtekinn eftir að starfsmenn Google skýrðu lögreglu frá því að hann hefði sent barnaklám í tölvupósti.

Google hefur komið sér upp ákveðinni tækni til að leita að barnaklámi í tölvupóstum og notar hana til þess að torvelda fólki að nota tölvupóst Google í þessum tilgangi.

Lögregla fann mikið magn af barnaklámi í tölvu mannsins, en hann hefur áður hlotið dóm fyrir barnanið. -gb

Bílastæðum við lónið lokað: Óvissustig við Sólheimajökul

NÁTTÚRA Bílastæðum sem eru næst jökullóninu við Sólheimajökul hefur verið lokað af öryggisástæðum.

Sporður jökulsins gengur fram í lónið og við það hefur hann risið um einn og hálfan metra síðustu daga. Eins hafa jakar brotnað úr honum undanfarið. Hættan er því á að alda hrifsi það sem fyrir verður ef stór jökulbrot falla í lónið.

Óvissustigi verður haldið fram eftir vikunni en þá munu sérfræðingar hafa metið aðstæður.

Hins vegar er hægt er að virða jökulinn fyrir sér úr fjarlægð. -jse

Árásirnar á Gasa hafa kostað nærri tvö þúsund manns lífið á tæpum mánuði: Ísraelar fallast á nýtt vopnahlé

GASA Sprengjuárásir Ísraelshers á íbúa Gasa höfðu síðdegis í gær kostað 1.880 manns lífið frá því þær hófust fyrir tæpum mánuði.

Ísraelar féllust í gær á tillögur Egypta um þriggja daga vopnahlé, sem átti að hefjast í morgun. Palestínnumenn hafa einnig fallist á þetta vopnahlé.

Árásirnar hófust þann 8. júlí og létu Ísraelar sér í fyrstu nægja loftárásir, en þann 17. júlí var landherinn sendur inn á Gasasvæðið.

Á sunnudaginn sprengdu Ísraelar enn eina skólaþynginguna, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa notað sem bráðabirgðaskýli fyrir íbúa á flótta undan átökunum. Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands, sagði að Ísraelar gætu engan veginn réttlætt morð sín á börnum og fjöldamorð á almennum borgurum með því að öryggj þeirra væri ógnad.

Alls hafa Ísraelar gert meira en 4.600 loftárásir þessar fjórar vikur, en Palestínnumenn hafa skotið meira en 3.200 sprengjuflaugum yfir til Ísraels. Rúmlega 60 Ísraelar hafa fallið, þar af þrír almennir borgarar.

Ísraelar segja höfuðmarkmið sitt vera að eyðileggja öll neðanjarðargöng á Gasasvæðinu, en liðs-



FYLGST MED ÓGNVALDINUM Börn á Gasa fylgjast með ísraelskri herpotu fljúga yfir. NORDICPHOTOS/AFP

menn Hamas-samtakanna hafa meðal annars notað þessi göng til þess að geyma og flytja sprengjuflaugar sínar. -gb

20% afsláttur




Voltaren

Fæst án lyfseðils. Lesið leiðbeiningar í fylgiseðli vandlega fyrir notkun.

Apótekarinn

lyf á lægra verði



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

iPhone 5s 16GB

109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.

iPhone 4s

59.990 kr. stgr.
3.690 kr. /18 mán.

INNEIGN Á SUMARIÐ HJÁ NOVA!

Ókeypis
heimsending
um allt land!
Á vefverslun
nova.is

0 kr.
Nova
í Nova

1.000 mínútur
500 SMS/MMS




4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S5


109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.



500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S4 Mini

54.990 kr. stgr.
4.990 kr. /12 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

LG G3

109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

iPhone 5c 16GB

89.990 kr. stgr.
5.490 kr. /18 mán.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringslunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á nova.is.

SVONA ERUM VIÐ



1951 nýtt einkahlutafélag hefur verið skráð á síðustu tólf mánuðum.

Það þýðir að nýskráningum hefur fjölgað um 5 prósent frá því í sama mánuði árið á undan. Heimild: Hagstofan.is

Langflestir sem koma til Borgarfjarðar til að sjá einn stærsta hraunhelli heims eru útlendingar: Útlendingar koma til að kynnst Víðgelmi

FERÐAMÁL Svo virðist sem fyrst og fremst útlendingar kynni sér einn víðfeðmasta hraunhelli heims þótt stutt sé fyrir Íslendinga að vitja hans í Borgarfirðinum.

Þetta er hellirinn Víðgelmir í Hallmundarhrauni skammt frá Fljótstungu í Hvítársíðu. Bjarni H. Johansen, sem er nú syni sínum Halldóri innan handar með ferðaþjónustu í Fljótstungu, segir að líklegast komi um fjögur til fimm þúsund manns í hellinn á ári. Fólk getur farið á eigin vegum um 150

metra inn en þar er búið að koma upp hliði til að vernda þá klaka og dropasteina sem þrýða hann þar innar. Bjarni segir að áður en hliðið hafi verið sett upp hafi hellisgestir brotið úr honum kristalla til að hafa með sér heim.

Þeir sem vilja sjá mikilfenglegasta hluta hellisins verða að fara í skipulagða ferð með leiðsögumanni og segir Bjarni að erlendir ferðamenn sæki svo mikið í þær að leiðsögumaður anni oft ekki eftirspurn. Íslendingarnir láti

hins vegar flestir litla innlitið duga. Segja má að gestrisni Víðgelmis þrjóti í kuldaskiðum en hann lokaðist af ís frostaveturinn mikla árið 1918 og dvaldi í þeim klakaböndum uns hann opnaðist aftur 1930. Aftur lokaðist hann árið 1972 en var opnaður aftur árið 1991 þegar hann var orðinn nokkuð þjór.

Víðgelmir er rúmur einn og hálfur kílómetri að lengd og 148 þúsund rúmmetrar eða á við 250 einbýlishús.



Í VÍÐGELMI Ýmsar gersemar ber að lífa fyrir þá sem fara leiðina á enda í Víðgelmi. MYND/HALLDÓR HEIDAR BJARNASON



VIÐ SVIÐIÐ Að venju vöktu hljómsveitirnar á Þjóðhátíð í Eyjum mikla lukku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



STEMNINGIN ÓLÝSANLEG Það var gaman í brekkunni í Herjólfssdal.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fölkskvalaus ánægja um helgina

Lögreglan á Akureyri og í Vestmannaeyjum er nokkuð sátt við hátíðargesti helgarinnar. Næturerill og fíkniefnafundur en engin stórmál. Á Ísafirði gekk allt að óskum. Meira að segja fíkniefnahundurinn greip í tómt. Engin kynferðisbrot höfðu verið tilkynnt í gær.

LÖGREGLUMÁL Útíhátíðir verslunarmannahelgarinnar fóru vel fram að mati lögreglu. Ekkert kynferðisbrot hefur verið kært og ekki orðu alvarleg umferðarslys.

Ekkí byrjaði helgin þó vel fyrir norðan því lögreglunni á Akureyri barst tilkynning um líkamsárás aðfaranótt föstudags en þá hafði árásmaðurinn skellt fórnarlambinu niður og sparkað í það. En fall er faraheill og að þessu ódæði undanteknu bar ekkert alvarlegt mál á góma lögreglunnar á Akureyri, frekar en í Vestmannaeyjum þar sem um sextán þúsund manns voru samankomnir í Herjólfssdal. Fimm líkamsárásir voru kærðar í Eyjum en í engum þeirra var um alvarleg meðsl að ræða.

Vissulega var nokkur erill hjá lögreglu og yfirvaldið í Eyjum gerði um 50 neyðskammta af fíkniefnum upptæka. Voru þetta kannabísefni, amfetamín, kókaín og e-töflur. Eins var erillinn nokkur aðfaranótt laugardags fyrir norðan.

Lögreglan á Ísafirði er í skýjunum með sína gesti. Þar var viðbúnaður mikill og fíkniefnahundurinn Tindur með nefið í hvers manns koppi en fann þó ekkert sem honum þótti bitastætt. Einn gisti fangageymslu yfir helgina á Ísafirði en sá var friðsæll og hafði bara tapað áttum.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stigamóta, segir of snemmt að fagna vel heppnaðri helgi. Í fyrra hafi tíu nauðganir átt sér stað á útíhátíðum. Ekkert fórnarlambanna hafði þó leitað sér aðstoðar áður en verslunarmannahelgin var öll. jse@frettabladid.is



AKUREYRI Yngsta kynslóðin í Tívoli á Einni með öllu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



MYRARBOLTINN Það var tekið á því á Evrópumeistaramótinu í myrarbolta á Ísafirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

KitchenAid
THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS


95
1919-2014

HA 50
1964-2014

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 30°	Friedrichshafen 22°	New York 29°
Ápena 34°	Gautaborg 22°	Orlando 32°
Basel 28°	Kaupmannahöfn 22°	Ósló 25°
Berlín 23°	Las Palmas 26°	París 25°
Billund 24°	London 24°	San Francisco 21°
Frankfurt 24°	Mallorca 34°	Stokkhólmur 28°

Á MORGUN
Hæg
A-læg eða
breytileg átt.

FIMMTUDAGUR
A- eða
NA-læg
3-14m/s,
hvasst við SA-
ströndina.

Vordís Eiríksdóttir
veðurfréttamaður



– KOMDU NÚNA –

TAXFREE DAGAR

20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR |
SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | ALLSKONAR-SMÁVARA | O.FL. | O.FL.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

VIDIVI GLASASETT
6 STK.



AROS STÓLAR
MARGIR LITIR



OREGON
TUNGUSÓFI



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað skuldar Seðlabanki Íslands mikið í erlendum gjaldeyri?
2. Um hvað fjallar Istanbúl-samningurinn sem Íslendingar hafa undirritað?
3. Hvaða hæng sér Persónuvernd á framferði nokkurra verslunareigenda?

SVÖR
 eftir Einar Einarsson.
 1. Um tuttugu milljarða króna. 2. Varntregun heimilisforbætti. 3. Myndbirtingar til


Hægt að heita á megrunarmann svo Einstök börn græði á kílóum sem fara: Aukakílóin fara í mannúðarmál

MANNLÍF Friðriki Bergmannssyni var ekkert farið að lítast á holdafer vinar síns, Einars Skaftasonar. Hann eggjaði Einar því í megrun og til að styðja um leið gott málefni.

„Ég er alltaf til í svona aksjón,“ segir Einar. Frá 17. júlí hefur því verið hægt að heita á Einar í megruninni og borga 500 krónur fyrir hvert kíló sem hann missir. Þær renna síðan beint til Einstakra barna, sem er stuðningsfélag barna og ungmenna með

sjaldgæfa sjúkdóma. Sjálfur ætlar Einar að borga 1.000 krónur fyrir kílóid.

„Nú er það bara að duga eða drepast,“ segir hann og hlær við. Hann er um 132 kíló en spurður að því hvað hann stefni á að missa mörg þeirra segir hann: „Það er best að vera ekki með of miklar yfirlýsingar, ég ætla bara að gera mitt besta.“ Þeir sem vilja heita á hann geta sent Friðriki, umsjónarmanni átaksins, netpóst á rikkibe@gmail.com. -jse



EINAR TIL Í SLAGINN Hann vonast til að verða rýrari í holdinu en að sjóðir Einstakra barna verði digrari. MYND/ADSEN

Forsætisráðherra Spánar: Segir fjármálin vera að lagast

SPÁNN Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánverja, segir í spænska fréttablaðinu El País að nú sjái fyrir enda kreppunnar sem hefur leikið landann grátt undanfarin ár. Vitnaði hann í spænsku hagstofuna, sem birti um mánaðamótin hagtolur sem sýna að landsframleiðslan hafi aukist um 0,6 prósent síðustu þrjú mánuði. Slík aukning hefur ekki sést frá árinu 2007.

Þar að auki eru 192 þúsundum fleiri starfandi nú miðað við sama tíma í fyrra. -jse



Í FADMIÐ FJÖLSKYLDU Gammy heitir annar tvíburinn, sem skilinn var eftir hjá staðgöngumóðurinni og fjölskyldu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tailensk staðgöngumóðir sinnir barni ástralsks pars: Ástralústjórn íhugar inngríp

ÁSTRALÍA, AP Áströlsk stjórnvöld íhuga nú að grípa inn í mál tailenskrar staðgöngumóður, sem tók að sér að eignast barn fyrir ástralskt par.

Konan fæddi tvíbura en annað barnið var með Downs-heilkenni og hjartagalla. Ástralska parið vildi hins vegar aðeins fá heilbrigða tvíburann. Staðgöngumóðirin sinnir nú barninu og sagði Scott Morrison, innanríkisráðherra Ástralíu, hana vera algera hetju og sannkallaðan dýrling.

Hann hefur nú haft samband við tailensk stjórnvöld í von um að eitthvað verði hægt að gera fyrir móðurina, en segir að löggjöf tengd málinu sé á afar gráu svæði. -gb

Árleg sandkastalakeppni: Sólstrandalíf í Önundarfirði

MANNLÍF Hin árlega sandkastalakeppni var haldin á laugardaginn var á Holtssandi í Önundarfirði. Að sögn Fjölnis Ásbjörnssonar, einn umsjónarmanna, voru um fimm hundruð gestir á ströndinni, sem er met.

Segir hann að sannkölluð sólstrandarmenning hafi ráðið ríkjum. „Hér óð fólk í sjónum og naut sólarinnar,“ segir hann. Dómnefndin hafði úr vöndu að ráða en að lokum fór það svo að Lísu og Helena Sigurðardætur unnu. -jse

Uppbygging í Selárdal: Listaskáli við ljónagarðinn

MENNING Unnið er að endurbyggingu á húsi Samúels Jónssonar í Selárdal í Arnarfirði. Þar eru fyrir stytta, kirkja og gosbrunnur eins og hann kemur fyrir í ljónagarðinum í Alhambra-márahöllinni á Granada á Spáni. Allt gert með höndum listamannsins með barnshjartað, eins og Samúel var gjarnan nefndur.

Stefnt er að því að eftir tvö til þrjú ár verði húsið tilbúið en unnið er í sjálfbodavinnu og efnid fengið með styrkjum. -jse



DALVÍK Flestir þeirra virkjanakosta sem íbúar Dalvíkurbyggðar greiða hagkvæmniathugun á eru í landi einkaaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skoðaða virkjanakosti fyrir landeigendur

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar samþykkti að kanna smávirkjanakosti í bæjarfélaginu fyrir landeigendur. Langflestir virkjanakostir eru í löndum einkaaðila. Orkan nýtist í heimabyggð eða inn á kerfi Landsnets, segir Bjarni Th. Bjarnason sveitarstjóri.

DALVÍKURBYGGÐ Meirihluti Byggðaráðs Dalvíkurbyggðar samþykkti á síðasta fundi ráðsins tilboð fyrir tækisins Mannvits um að kanna hagkvæmni smávirkjana í bæjarfélaginu. Fulltrúi minnihlutans sat hjá við afgreiðslu málsins og gerir nokkrar athugasemdir við verklag meirihluta byggðaráðsins.

Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu meirihluta í Dalvíkurbyggð eftir sveitarstjórnarkosningar í lok maí. Fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar var haldinn þann 18. júní síðastliðinn svo það hefur tekið nýjan meirihluta aðeins 43 daga að klára málið.

„Það eru margar ár og lækir í byggðarlaginu og við settum þetta fram [í kosningabaráttunni] að við vildum láta gera allsherjarúttekt á þeim virkjanakostum sem fyrir væru í sveitarfélaginu og þá með það í huga að það væri hægt að nýta þessa raforku í sveitarfélaginu eða selja hana inn á

kerfi Landsnets,“ segir Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar og oddviti lista Framsóknar og óháðra.

Guðmundur Stefán Jónsson, sem situr í byggðaráði fyrir minnihluta í bæjarstjórn, undrast þessi vinnubrögð meirihlutans. Hann hafi ekkert vitað af aðdraganda þessa útboðs eða málavöxtu og því hafi hann ekki haft næg gögn undir höndum til að geta tekið afstöðu til málsins þegar það kom inn í byggðaráð. Því hafi hann settið hjá við afgreiðslu. „Ég veit ekkert af málinu fyrr en tilboð þriggja verkfræðiskrifstofa til að kanna virkjanakosti í Dalvíkurbyggð liggja fyrir byggðaráði á fimmtudaginn síðasta,“ segir Guðmundur. „Við í minnihlutunum vitum afar lítið af málinu og vorum ekki með við undirbúninginn. Einnig höfðum við ekki séð þetta útboð auglýst nokkurs staðar, ekki einu sinni á heimasíðu Dalvíkurbyggðar,“ segir Guðmundur, sem er oddviti J-listans.

„Ég veit ekkert af málinu fyrr en tilboð þriggja verkfræðiskrifstofa til að kanna virkjanakosti í Dalvíkurbyggð liggja fyrir byggðarráði.“

Guðmundur Stefán Jónsson, fulltrúi í Byggðaráði.

Bjarni segir það rétt að lítið samráð hafi verið haft við minnihlutann. Einnig hafi ekki verið um eiginlegt útboð að ræða heldur hafi verið sent bréf á þrjú fyrirtæki og óskað eftir tilboðum frá þeim.

Spurður hvort ekki orki tvímælis að bæjarfélagið skuli greiða fyrir hagkvæmniathuganir smávirkjana sem yrðu í einkaeigu segir Bjarni svo ekki vera. „Þetta var einn af stóru póstumum í kosningabaráttunni. Ég tel að skattgreiðendur og kjósendur sem studdu okkur styðji okkur í þessu. Fólk er almennt sátt við þetta.“ sveinn@frettabladid.is

Fiskeldið virðist vera svarið hjá Flateyningum sem fóru flatt á kvótaleigunni:

Vinnsla að komast í fyrra horf

ÚTGERÐ Um fjórutíu manns vinna við fiskvinnslu hjá Arctic Odda á Flateyri en það er álfka fjöldi og vann hjá Eyrarodda sem var stærsti vinnustaðurinn þar til fyrirtækið varð gjaldþrota í upphafi árs 2011.

Síðan þá hefur fiskvinnsla gengið brösuglega á Flateyri. Í fyrra hætti Lotna rekstri og Arctic Oddi þurfti að segja upp starfsfólki, en nú hefur aftur verið fjölgað í starfslíðinu og Bryndís Sigurðardóttir framkvæmdastjóri segir bjart fram undan.

Hún segir að Byggðastofnun hafi úthlutað fyrirtækinu 300 tonna kvóta á ári næstu þrjú árin. „Við eigum tvö ár eftir en þá verður fiskeldið komið á það stig að við höfum úr nógu að móða,“ segir hún. Dýrfiskur, sem er systurfyrirtæki Arctic Odda, er með fiskeldi í Dýrafirði og Tálknafirði.

Íbúum hefur svo og fjölgað lítillega á þessu ári en þeir voru komnir niður fyrir tvö hundruð á síðasta ári samkvæmt tölum Hagstofu en eru nú 204. Árið 2007 voru íbúarnir hins vegar 337. -jse



LÖNDUN Á FLATEYRI Vinnsla er með besta móti á Flateyri eftir erfið ár.

Tilkynning frá Fjölskylduhjálpi Íslands

Fjölskylduhjálpi Íslands afgreiðir um 30.000 matargjafir á ári og er því með snertiflöt á flestu er viðkemur fátækt á Íslandi.

Starfsstöðvar eru tvær. Höfuðstöðvarnar eru að lðufelli 14 í Reykjavík með útibú að Baldursgötu 14 í Reykjanesbæ. Fjölskylduhjálpi Íslands greiddi 22 milljónir í virðisaukaskatt til Ríkisins á árunum 2008 til 2012. Ríkisvaldið styður starfseminu um 4 milljónir í ár og styrkur frá Reykjavíkurborg er 2.8 milljónir.

Þessir tveir styrkir erum um 10% af þeirri fjárför sem starfsemin þarf á að halda því Fjölskylduhjálpi Íslands greiðir fyrir um 80% þeirra matvæla sem úthlutað eru ár hvert.

Fjölskylduhjálpi Íslands aðstoðar fátækt fólk, bæði einstaklinga og fjölskyldur. Þegar og ef Fjölskylduhjálpi Íslands hættir störfum munu allar eignir og lausafjármunir renna til þess góðgerðarfélags sem mest þarf á því að halda.

Stjórn Fjölskylduhjálpar Íslands





30-50% afsláttur
af allri smávöru

30% afsláttur
af öllum eldhúsvörum



60% afsláttur
af öllum barnafötum

Náttgalli
0-4 ára
Áður 2.890 kr
Nú 1.156



Kjól
1-10 ára
Áður 3.990 kr
Nú 1.596



Peysa
0-8 ára
Áður 2.490 kr
Nú 996

Buxur
0-8 ára
Áður 1.990 kr
Nú 796



25-50% afsláttur

60 gerðir
rúmfata
á útsölu

Stærð 14x200
Verð frá 6.490 kr

Margar stærðir

140x200, 140x220
200x200, 200x220
& 220x220

ÚTSALAN HEFST Í DAG 25-60% afsláttur



30% afsláttur
af öllum svuntum

40% afsláttur
af öllum púðum



Sendum frítt
úr vefverslun
lindesign.is

30% afsláttur
af öllum ofnhönskum



30% afsláttur
af öllum dúnsængum

100% dúnn

30-50% afsláttur
af barnarúmfötum

30% afsláttur
af öllum eldhúsvörum



Stærð 140x200
790 gr dúnn
Áður 39.990 kr
Nú 27.993 kr

Stærð 140x220
890 gr dúnn
Áður 44.990 kr
Nú 31.493 kr

Stærð 100x140
400 gr dúnn
Áður 16.990 kr
Nú 11.893 kr

Stærð 70x100
200 gr dúnn
Áður 12.990 kr
Nú 9.093 kr



Lin
DESIGN

HEIMURINN



Úkraínskir hermenn yfir til Rússlands

1 ÚKRAÍNA Meira en 400 úkraínskir hermenn eru sagðir hafa farið yfir landamærin til Rússlands. Ólíkum sögum fer þó af því hvers vegna þeir fóru yfir landamærin. Rússneskur embættismaður segir þá vera liðhlaupa úr úkraínska hernum, en Úkraínuher segir þá hafa verið nauðbeygða til að flýja yfir landamærin undan upppreisnarmönnum.



SORG Í BANGLADESS Óttast er að hundruð hafi farist með ferju. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hundruð fórust með ferju

2 BANGLADESS Óttast er að hundruð manna hafi farist með farþegaferju sem hvolfði í Banglades í gær. Meira en 40 manns tókst að synda í land, en um borð í ferjunni voru hundruð manna. Einn þeirra sem björguðust segir að mikið hvassviðri og sterkir straumar hafi valdið því að áhöfnin missti stjórn á ferjunni.

Kúrdar eiga í vök að verjast

3 ÍRAK Núrí al Malíki, forsætisráðherra Íraks, hefur skorað á her landsins að koma Kúrdum í norðurhluta landsins til bjargar, en þeir eiga nú í vök að verjast gegn herskám islamistum sem hafa náð stórum hluta landsins á sitt vald. Tugir þúsunda hafa hrakist undan sókn þeirra frá Kúrdahéruðunum.

Minntust heimsstyrjaldar

4 BELGÍA Þjóðhöfðingjar Belgíu, Frakklands, Bretlands og Pýskalands hittust í Liege í Belgíu í gær til að minnst þess að hundrað ár eru liðin frá því að fyrri heimsstyrjöldin hófst. Þjóðverjar réðust inn í Belgíu þann 4. ágúst 1914 og strax um nóttina slógust Bretar í förina.

Ebólaveiran nær fótfestu í Nígeríu

Læknir í Nígeríu sem sinnti þar smituðum manni sem lést er nú sjálfur smitaður af ebólaveirunni. Tveir smitaðir hafa verið fluttir frá Líberíu til Bandaríkjana, þar sem þeim er gefið blóð úr manni sem smitaðist af veirunni en lifði af.

NÍGERÍA, AP Ebólaveiran hefur nú kostað nærri 900 manns lífið, en alls er talið að um 1.600 manns hafi smitast í fjórum ríkjum í vestanverðri Afríku frá því veirunnar varð fyrst vart fyrir fáeinum vikum.

Í gær var staðfest að læknir hefði smitast í Nígeríu til viðbótar við mann frá Líberíu, sem lést þar 25. júlí síðastliðinn. Læknirinn er einn þeirra sem sinntu þeim sem lést.

„Þetta fellur algerlega að því munstri sem við höfum séð til þessa. Annaðhvort veikist einhver og smitar ættingja sína eða fer á sjúkrahús og þá veikist heilbrigðisstarfsfólkið,“ segir Gregory Hartl, talsmaður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) í Genf.

„Þetta er afskaplega óheppilegt en ekki óvænt. Það var veikur maður sem steig úr flugvél og því miður vissi enginn að hann væri með ebólaveiruna,“ sagði Hartl um Patrick Sawyer, manninn sem lést í Nígeríu.

Grunur lék á því að þrír til viðbótar væru smitaðir í Nígeríu, en ekki var búið að fá staðfestingu á því síðdegis í gær. Allir eru þeir heilbrigðisstarfsmenn sem höfðu sinnt Sawyer á sjúkrahúsinu í Lagos. Sjúkrahúsinu hefur nú verið lokað tímabundið.



VARÚÐAR-RÁÐSTAFANIR Í NÍGERÍU Heilbrigðisstarfsfólk fylgdist grannt með farþegum á flugvælinum í Lagos, fjölmennustu borg landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þar með er ebólaveiran búin að ná einhverri fótfestu í Nígeríu, en til þessa hafði hennar einungis orðið vart í Gíneu, Síerra Leóne og Líberíu.

Bandaríski trúboðinn Nancy Writebol, sem smituð er af veirunni, var í gær flutt um borð í flugvél í Líberíu og er reiknað með því að hún komi til Bandaríkjana í dag, þar sem reynt verður að hjúkra henni eftir föngum. Annar bandarískur trúboði, Kent Brantly, sem einnig hafði smitast, var fluttur til Bandaríkjana fyrir helgi.

Læknar í Bandaríkjunum hafa gert tilraunir með að gefa Brantly blóð úr sjúklingi sem lifði af ebla-

„Það var veikur maður sem steig úr flugvél og því miður vissi enginn að hann væri með ebla-veiruna.“

Gregory Hartl, talsmaður WHO.

smit, í von um að blóðgjöfin verði til þess að hann myndi mótstöðu gegn veirunni.

Ebólaveiran smitast milli manna einungis með líkamsvessum eins og blóði, svita eða munnvatni. Engin lækning hefur verið til en tilraunir hafa gefið vonir um að hugsanlega finnist lækning innan tíðar. gudsteinn@frettabladid.is



HVAÐ FER MIKIL ORKA Í ÞVOTTADAGINN?

Prófaðu reiknivélina á www.on.is og sjáðu hvað þvottavélin og þurrkarinn nota mikið rafmagn.

Við erum heppin að náttúran skuli sjá okkur fyrir meira en nóg af orku til að létta okkur lífið svo um munar. Forsenda þess að við getum farið vel með auðlindirnar og lækkað kostnað er að vita hvað er í gangi og hversu mikla orku raftækin nota

að staðaldrí. Á on.is er handhæg reiknivél sem auðveldar þér að sundurliða orkunotkun heimilisins og meta kostnaðinn í heild og við einstaka þætti.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is



ORKA NÁTTÚRUNNAR



20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÞVOTTAVÉLUM

AEG - ELECTROLUX - ZANUSSI - EXQUISIT - DAEWOO

Mikið úrval af þvottavélum í öllum stærðum og gerðum. 1000-1600 snúninga, 6-9 kílóa, með eða án þurrkara. Verð frá kr. 51.920 með afslætti.

AEG

F-45500W0 Uppþvottavél

- ✓ Sparneytin og vönduð AEG vél með öllum helstu þvottakerfum á áður óséðu verði!
- ✓ 4 þvottakerfi þ.á.m. AUTO, 30 mínútna hraðkerfi, sparnaðarkerfi og 70°C pottakerfi.
- ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni/þvottagæði/þurrk.
- ✓ Skjár sem sýnir tímalengd þvottakerfis
- ✓ Framstillt ræsing möguleg um 1-24 klst.
- ✓ MultiTab val fyrir uppþvottatöflur.
- ✓ Hljóðlát, 49 dB(A).
- ✓ HxBxD: 81,8-88x59,6x59 cm.
- ✓ Til innbyggingar, afhent án toppplötu.
- ✓ Fullt verð kr. 114.900.



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
84.900
SPARAÐU 30.000



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 38.000



AEG

T-61270AC Barkalaus þurrkari

- ✓ Barkalaus þéttþurrkari með fullkomnum rakaskynjara og 14 þurrkerfum.
- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.
- ✓ LCD skjár sem sýnir afgangstíma.
- ✓ Hljóðmerki þegar þurrki lykkr.
- ✓ Möguleiki á framstilltri ræsingu.
- ✓ Tromla snýst til beggja átta.
- ✓ Tekur allt að 7 kg.
- ✓ Fjöldmörg sérkerfi.
- ✓ Orkuflokkur B.
- ✓ Fullt verð kr. 137.900



Electrolux

ZEO-5410 Ryksuga Essensio

- Óflug og góð heimilisryksuga með 1800W mótör og stillanlegum sogkrafti.
- ✓ 3 lítra S-Bag örtrefjapoki.
- ✓ Stillanlegur sogkraftur.
- ✓ Air Clean II öragnasia.
- ✓ Hæggræsing, sprengir ekki öryggjó.
- ✓ 8M vinnuradius.
- ✓ Innbyggð fylgihluta geymsla.
- ✓ Fullt verð kr. 19.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
12.990
35% AFSLÁTTUR



154 CM HÁR
XL

HVÍTUR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
94.900
SPARAÐU 35.000

STÁL
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
109.900
SPARAÐU 30.000

Electrolux

- EN-12900AOW/AOX Kæli- og frystiskapur**
- Stór 208 lítra kæli og tveggja skúffu 61 lítra frýsar
- ✓ Vönduð innrétting með glerhillum og flöskurekka
- ✓ Fæst bæði hvítur eða í burstuðu kámfriú stáli
- ✓ Hljóðlátur, aðeins 40 dB(A)
- ✓ HxBxD: 154,4 x 59,5 x 63,2 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 129.900/139.900.



154 CM HÁR

NOFROST
EKKERT HRIM

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
119.900
SPARAÐU 20.000



GÁMASALA

BOSCH

- MUM-4405 Hrærivél**
- Óflug 500W hrærivél með MultiMotion mótör sem hrærir og hnoðar hraðar og betur.
- ✓ 3,9 lítra skál - rúmar um 2 kg af deigi.
- ✓ Hnoðari, þeytari, hrærari og hveitibraut fylgir.
- ✓ Fylgihlutur þola uppþvottavél
- ✓ Fullt verð kr. 25.990

KYNNINGARVERÐ KR.
16.990
35% AFSLÁTTUR



30%
AFSLÁTTUR
ELECTROLUX - DOMO - TRISTAR
CLOER - PRINCESS

18 GERÐIR

16 GERÐIR

Allar gerðir af hraðsuðukönnum og brauðristum með 30% afslætti. Sjáðu allt úrvalið á rafha.is



exquisit

- EH-10.5-1 Eldavél**
- 50 cm breidd eldavél sem smellpassar í sumarþústaðinn eða stúdíóþúðina.
- ✓ Ofn með undir- og yfirhita, alls 4 eldunarkerfi.
- ✓ 4 hellur þ.á.m. hraðsuðuhella.
- ✓ Orkuflokkur A.
- ✓ HxBxD: 85 x 49,5 x 60 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 79.900,-

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
55.555
30% AFSLÁTTUR



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
74.900
SPARAÐU 35.000



Electrolux

- EHF-16240XK keramik helluborð**
- Flott keramik helluborð með High Light hraðhellum og ein XXL 21 cm 2300W hellsu
- ✓ Snertitakkar á öllum hellum
- ✓ Stafrænt stjórnborð
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Utanmál HxBxD: 3,8 x 57,6 x 51,6 cm
- ✓ Fullt verð 89.900



Electrolux

- EEB-4230POX Ofn**
- Glæsilegur ofn í burstuðu kámfriú stáli.
- ✓ Ekta þrívíddarblástur með jöfnum hita á allt að premium hæðum.
- ✓ Undir- og yfirhiti, ásamt stóru og litlu grilli.
- ✓ Klukka með skjá og hringingu.
- ✓ Sérstaklega slitsterkur og léttþrifanlegur glerjungur.
- ✓ Orkuflokkur A-10%.
- ✓ Fullt verð kr. 109.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
59.900
SPARAÐU 30.000

Rafha ehf
Opið virka daga 9-18 laugardaga 11-17 | Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is

Gefa blóð fyrir hönd samkynhneigðra vina:

Hræsnin

Hinsegin dagar hefjast í dag og munu standa yfir næstu sex daga. Það er óhætt að segja að mikið vatn hefur runnið til sjávar frá júní 1999 þegar fyrstu Hinsegin dagarnir voru haldnir sem útihátíð á Ingólfstorgi þar sem 1.500 manns komu saman til að fagna mannréttindum, menningu og margbreytileika í samfélaginu.

Hátíðin hefur vaxið með ótrúlegum hraða og undanfarin ár hafa samkynhneigðir, fjölskyldur þeirra, vinir og allir sem styðja málefnið fylkt liði í meðal annars í Gleðigöngu um miðborgina. Í dag eru Hinsegin dagar orðnir ein af þremur stærstu útihátíðum þjóðarinnar með allt að hundrað þúsund þátttakendur ár hvert. Vöxtur hátíðarinnar og þróun hennar undirstrikar þann stórkostlega árangur sem náðst hefur í réttindabaráttu samkynhneigðra hér á landi, hvort sem er á sviði löggjafar eða í samfélagslegu samhengi. Mikil breyting hefur orðið á viðhorfum almennings og töluvert hefur dregið úr forðum í garð samkynhneigðra.

En betur má ef duga skal. Í síðasta mánuði ritaði hópur virtra lækna og lögfræðinga í Bandaríkjunum grein í vísindatímaritið Journal of the American Medical Association þar sem enn og aftur var vakin athygli á því óréttlæti að samkynhneigðir megi ekki gefa blóð. Að mati þessara sérfræðinga er bannið úr takti við nútímalæknávisindi og lögfræðilega vafasamt.

Slíkt bann hefur verið í gildi hér á landi frá árinu 1985, þegar ekki var hægt að skima blóð og samkynhneigðir voru metnir sem sérstakur áhættuhópur gagnvart útbreiðslu HIV-veirunnar. Engin þörf er á þessu núna, bæði er smitmynstrið orðið gjörbreytt og allt blóð er skimað. Engu að síður er höfðinu barið í steininn og þessi hópur blóðgjafa útilokaður.

Núverandi bann elur á ranghugmyndinni um að HIV-smit sé eingöngu „hommasjúkdómur“. Sú ranghugmynd ein og sér hefur kostað ótal smit á meðal gagnkynhneigðra en stærsti áhættuhópurinn í dag er konur undir 25 ára. Svo ekki sé minnst á alla þá forðma í garð samkynhneigðra sem þessi ranghugmynd hefur og mun ala af sér.

Í dag er ekki hægt að greina HIV-veiruna á fyrstu sex mánuðum smits. Það er einnig ljóst að óvarin endaparmsmök eru nánast eina áhyggjuefni þeirra sem eru fylgjandi áframhaldandi banni. Ákveðin ósamkvæmni þar sem um er að ræða kynlífshegðun sem er svo sannarlega ekki bundin við samkynhneigða karlmenn. Ef menn vilja enn líta á þennan hluta kynlífs sem áhættuhegðun, þá ætti alla vega að skilgreina hana sérstaklega og láta gilda almennt yfir línuna, burtséð frá kynhneigð. Allt annað er hræsnin.

Um nokkurra ára skeið hefur hópur hinsegin ungmenna vakið athygli á þessu banni. Í tilefni Hinsegin daga efnir hópurinn til viðburðar í Blóðbankanum í dag þar sem fólk er hvatt til að koma og gefa blóð í nafni vinar sem ekki má gera slíkt sökum kynhneigðar sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson
 ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlönnum Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fjörugur Fylkisflokkur

Það verður fróðlegt að fylgjast með Fylkisflokki Gunnars Smára Egilssonar. Þegar hafa hátt í á þriðja þúsund manns skráð sig í flokkinn. Hugmyndir stofnandans, um að Ísland verði 20. fylki Noregs, vekja æ meiri athygli hjá skyldmönnum okkar í Noregi. Þar sýnist sitt hverjum. Margir eru jákvæðir, sumir neikvæðir–flestar forvitnir. Eitt er víst að hvað sem öðru líður hefur Gunnar náð að gára vatnið duglega með hugmyndum sínum og skapa fjörlaga umræðu um grundvallaratriði. Spurning hvort ekki verði stofnaður systurflokkur í Noregi til að vinna að málinu frá báðum endum.

Óvæntir vopnabráður?

Gunnar hefur fengið óbeinan stuðning úr óvæntri átt, frá Jóni Steinari Gunn-

laugssyni, gömlum fjandvini. Lögmaðurinn hefur lýst yfir áhyggjum af tengslum í dómskerfinu, sem stafi af því að Ísland sé fámenn og lítið land og allir þekki alla. Það geti truflað dómarrann, sem ekki má láta truflast. Þar talar maður með reynslu. Það er einmitt höfuðröksemd Gunnars að hér sé ekki nægur fólksfjöldi til að halda úti samfélagi sem uppfyllir kröfur tímans. Það eigi við um margt og réttarkerfið sé ein birtingar-

mynd þess. Gaman væri að sjá þá sem vopnabráður, Gunnar og Jón Steinar, því báðir eru öflugir málafylgjumenn sem ekki liggja á hugmyndum sínum. Það gætu orðið táknrænar sögulegar sættir.

Að stela glæpnium

ESB-umræðan hefur dunið á okkur árum saman og raunar hvorki þokast áfram né aftur á bak í langan tíma. Hún er að verða frekar hvítleitt reiptog, hvort sem við viljum stökva á Evrópuvagninn eða ekki. ESB-sinnar líta nú margir öfundaraugum til Fylkisflokksins, sem hefur kallað fram á ritvöllinn gamla penna og nýtt fólk með fjölbreyttar skoðanir, sumar nýjar eða í nýlegum búningi, á stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Það má eiginlega segja að hann hafi stolið glæpnium í bili.

olof@frettabladid.is



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

HALLDÓR



Hvað er það með þetta fólk?

SAMFÉLAG



Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

Ég veit það svei mér ekki. Það er alltaf fyrst að bregðast við, það er alltaf tilbúið að leggja sitt af mörkum og hefur oft frumkvæði að því að gera eitthvað til að styðja við gott málefni. Haldnir eru styrktartónleikar, lög gefin út og diskar til styrktar góðum málefnum. Ég er að tala um tónlistarfólk, hljómsveitir, söngvara og hljóðfæraleikara. Eru þau sett saman á einhvern annan hátt en við hin? Er hjartað í þeim stærra, opnara og meira rúm fyrir náungann? Er það sköpunarkrafturinn og það að þau eru alltaf að gefa af sér í tónlistinni og vilja vera í góðu sambandi við aðra? Ég veit það ekki en staðreyndin er sú að þau eru alltaf tilbúin. Þetta sjáum við á heimsvísu og á Íslandi. Hjálparstarf kirkjunnar hefur margoft reynt þetta, listinn er alltof langur til að byrja að nefna nöfn, en enginn er svikinn þó að ég nefni eitt nafn. Jóhann G. Jóhannsson, blessuð sé minning hans, hann var óþreytandi að leggja hjálparstarfi lið og fá til liðs við sig fjölda manns úr bransanum.

Tónlist er tjáning sem nær til okkar, snertir hjarta okkar og tilfinningar, opnar eyru okkar og hjarta, skapar samstöðu og samkennd. Miklu betur en orð, skýrslur og fréttir í síblyju fjölmiðlanna. Þess vegna er svo dýrmætt

→ Eru þau sett saman á einhvern annan hátt en við hin? Er hjartað í þeim stærra, opnara og meira rúm fyrir náungann? Er það sköpunarkrafturinn og það að þau eru alltaf að gefa af sér í tónlistinni og vilja vera í góðu sambandi við aðra?

þegar tónlistarfólkið leggur góðum mállefnum lið. Gott dæmi er lagið Hjálpum þeim eftir Axel Einarsson við texta Jóhanns G. Jóhannssonar. Lag sem er löngu orðið sígilt og stendur alltaf fyrir sínu og minnir okkur á eins og segir í textanum „Gleymd'ekki þínum minnsta bróður“. Á heimsvísu má minna á lögin „Do They Know It's Christmas?“ eftir Bob Geldof og Midge Ure og „We Are The World“ eftir Michael Jackson og Quincy Jones.

Ég efast ekki um að lögin eru byrjuð að óma í huga þér um leið og þú lest þetta, líka boðskapur laganna. Þetta undirstrikar mikilvægi þeirra, gefur tóninn fyrir betri heimi. Tón sem við getum öll tekið undir. Það er full ástæða til að segja við allt þetta tónlistarfólk sem í svo mörg ár hefur staðið vaktina: TAKK!

Starfsgreining sendiherra

Sendiherrar í þjónustu íslenska ríkisins teljast til embættismanna samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt þeim lögum skal auglýsa öll embætti í Lögbirtingablaði. Með breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands árið 1997 var sett inn heimild til að víkja frá auglýsingaskylduákvæðinu þegar ráða skyldi ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis og sendiherra. Þessi heimild kom inn samkvæmt tillögu efnahags- og viðskiptanefndar og rökinn voru einungis þau að öll störf í utanríkisþjónustunni hefðu verið undanþegin auglýsingaskyldu í starfsmannalögum ríkisins frá árinu 1954.

Í umræðu um skipun sendiherra á dögnum sagðist fyrirverandi utanríkisráðherra ekki vera þeirrar skoðunar að auglýsa ætti stöður sendiherra því „erfitt sé að velja menn með þá eiginleika sem til þurfi að hafa með því að auglýsa starfið laust til umsóknar“. Þessi fullyrðing stenst ekki skoðun.

Fyrsta skrefið í faglegu ráðningarferli er að gera vandaða starfsgreiningu. Starfsgreining skiptist almennt í starfslýsingu, þ.e. lýsingu á þeim verkefnum sem unnin eru í starfinu, vinnuáætlun og umgjörð starfsins annars vegar, og starfskröfulýsingu, þ.e. lýsingu á þeim kröfum sem starfið gerir til starfsmanna, hins vegar. Starfskröfulýsingin er notuð til að draga fram þá eiginleika sem leita þarf eftir hjá umsækjendum um stöfin.

Við gerð starfskröfulýsingar er oft stuðst við fjórþættan ramma, þar sem skilgreind eru starfsþekking, færni, geta og aðrir persónulegir eiginleikar. Sendiherrastörf fela í sér margvísleg verkefni og ábyrgðarsvið sem ekki verður farið nánar út í hér og ekki verður hér heldur gerð tilraun til að lýsa umgjörð starfsins eða vinnuáætlun sendiherra.

Eftirfarandi eru hins vegar drög að starfskröfulýsingu sendiherrastarfsins. Þetta er sá hluti starfsgreiningar sem almennt er notaður til að undirbyggja annars vegar auglýsingu um starfið og hins vegar það matsferli sem sett er upp til að meta umsækjendur í kjölfarið. Starfskröfulýsingin skiptist í fjóra hluta samkvæmt ofangreindu kerfi.

Kröfulýsing sendiherrastarfsins

Starfsþekking sem sendiherrar þurfa að hafa:

- Þekking á alþjóðasamskiptum og alþjóðastofnunum.
 - Þekking á íslensku lagaumhverfi.
 - Þekking á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.
 - Þekking á uppbyggingu íslensku stjórnáslunnar.
 - Þekking á íslenskrri menningu og sögu.
 - Þekking á alþjóðaviðskiptum, fjármálum og þjóðhagfræði.
- Færni sem sendiherrar þurfa að hafa:
- Færni í að skilja, tala og skrifa 2-3 erlend tungumál.
 - Færni í íslensku, bæði talaðri og ritaðri.
 - Færni í samningatækni og sáttamiðlun.

STJÓRNÁSLA



Ásta Bjarnadóttir
ráðgjafi
hjá Capacent

→ Vonandi er þess ekki langt að biðja að utanríkisráðherra taki sig til og auglýsi sendiherrastöðu ...

- Leikni í samtölum við ókunnugt fólk.
- Færni í að semja og flytja ræður, jafnt skrif- aðar sem blaðlaust.

- Hæfni í notkun helstu tölvu- forrita og samskiptatækja.
- Færni í stjórnun starfsmanna og rekstri.

Geta sem sendiherrar þurfa að hafa:

- Mikil hugræn geta, þ.e. greiningarhæfni, gagnrýnin hugsun og dómgreind.
- Geta til að læra hratt nýja hluti, þ.e. tileinka sér skriflegar eða munnlegar upplýsingar.
- Geta til að draga ályktanir, sjá samhengi hlutanna og finna lausnir á flóknum vanda- málum.
- Geta til að tjá sig á skýran hátt og góð framsögn.
- Líkamleg geta til að standa í ferðalögum og vinna langan vinnudag.

Aðrir persónulegir eiginleikar sem sendiherrar þurfa að hafa:

- Lipurð í samskiptum og virðuleg en hlýleg framkoma.
 - Þjónustuvilji, þ.e. áhugi á að aðstoða fólk og fyrirtæki.
 - Leiðtogaþæfileikar, þ.e. hæfni til sannfæringar og til að hrífa fólk með sér.
 - Áhugi á ólíkum menningar- heimum, þjóðum og fólki.
 - Frumkvæði og hugmyndaauði. Tekið skal fram að ofangreint er einungis fyrstu drög og næsta skref væri að útfæra þessa starfsgreiningu betur, með viðtölum við nokkra sendiherra og yfirmenn þeirra, þ.e. ráðuneytis- stjóra og ráðherra.
- Ef utanríkisráðherra óskar eftir að nota þessi drög til að auglýsa í fyrsta sinn í sögunni starf sendiherra þá er ég ekki í vafa um að margir myndu fagna því og margir hæfir sækja um, bæði karlar og konur.

Hvað gera ráðherra og Alþingi?

Ekki ber að skilja grein þessa sem svo að höfundur telji nýráðna sendiherra ekki starfinu vaxna, öðru nær. Það er hins vegar ljóst að til lengri tíma þurfum við að standa faglega að vali á fulltrúum Íslands á alþjóðavettvangi, enda hefur reynslan af faglegu mati við ráðningar að mestu verið góð þau 100 ár eða svo sem sú aðferða- fræði hefur verið að þróast.

Þó að það sé kannski ekki einfalt mál að velja góðan sendiherra, og þó að menn geti verið ósammála þeirri greiningu á starfinu sem hér er að ofan er birt, þá fer því fjarri að lausnin sé að nota ófaglegt og jafnvel geðþótta- miðað ráðningarferli.

Vonandi er þess ekki langt að biðja að utanríkisráðherra taki sig til og auglýsi sendiherrastöðu, eða að löggjafarsamkundan afnemi illa rökstudda undanþágu utanríkisráðuneytisins frá auglýsingaskyldunni og þar með faglegu ráðningarferli. Margir munu taka ofan fyrir þeim stjórnásl- manninn sem hefur frumkvæði að því að eyða þeirri tortryggni sem ítrekað kemur upp við skipanir sendiherra.

Google og heilsa fólks

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Það kemur kannski engum á óvart að internetið sé orðið stærsti vettvangur samskipta í heiminum í dag. Fyrir nútímafólk er óhugsandi að hafa ekki öflugan leitarvél við höndina sem hægt er að spyrja um hvað sem er og fá svarið á svipstundu. Ef það er ekki á netinu þá er það ekki til sagði einhver. Hægt er að spyrja ráða á spjallborðum, Facebook-grúppum og býsna víða um nánast allt milli himins og jarðar. Þá eru líka til sérstakar vefsíður eins og til dæmis doktor.is sem gera út á leiðbeiningar og fræðslu svo dæmi sé tekin. Stór hluti þekkingar í dag kemur í gegnum netið, Youtube er ótrúlegur miðill og flest myndbönd þar inni byrja sennilega á „how to ...“.

Aðalkosturinn við internetið er að allir sem vilja geta sett inn efni þangað, sem er einnig meginvandinn við mjög mikið af þeim upplýsingum sem þar er að finna. Því var einhver tímann fleygt að algengustu leitaratriði á Google væru tengd kynlífi og klámi annars vegar og hins vegar heilsu, heilbrigði og sjúkdómum. Ekki veit ég hvort það er rétt, en ljóst er að sjúklingar og almenningur í dag nota netið sem aldrei fyrr og fá þar bæði góða og slæma ráðgjöf. Það getur verið erfitt að meta fyrir þann sem ekki hefur yfirsýn og þekkingu hvort þær upplýsingar sem settar

eru fram séu í lagi eða ekki. Þó má ekki gleyma því að á sama tíma getur enginn fylgst með öllu sem nýtt er. Ættu læknar því að fagna því ef sjúklingar nýta netið, koma með tillögur eða vilja ræða meðferð sína út frá þeirri þekkingu sem þeir hafa aflað sér. Í sumum tilvikum getur slíkt valdið togstreitu milli aðila, en báðir þurfa að muna að það er samstarfsverkefni að lækna og líkna.

Nú þegar hefur Google frændi gifurleg áhrif á heilsu fólks með beinum og óbeinum hætti. Hann ber ekki ábyrgð á upplýsingunum, en hann er sá sem leitar þær uppi og birtir þeim sem slá inn leitarorðin. Ekki á samræmdan hátt heldur samkvæmt hegðunarmynstri viðkomandi notanda og því hvert tölva hans hefur ferðast á óútskýranlegum vegum internetsins. Þannig má segja að upplýsingunum sé miðað meðvitað, en einstaklingurinn getur verið ómeðvitaður um það og þannig er hegðun hans að vissu leyti stýrt. Þetta sést best á auglýsingum á netinu sem tengjast leitarvélinni og þeirri gervigreind sem þegar er notuð til að lesa í notkun notandans.

Með þessu móti hefur fyrirtækið orðið eitt það stærsta og ríkasta í heimi, að selja notendamiðaðar auglýsingar og aðgengi að notendum. Fyrirtækið er svo ríkt að það hefur á undanförunum árum sett á laggirnar svokölluð tunglskotsverkefni (moonshot) þar sem miklu er kostað til án þess að vera í nokkurri vissu um hvort þessi verkefni beri ávöxt. Sumir kynnu að kalla þetta gæluverkefni eða hreint brjálæði, öðrum þykir þetta tær snilld. Verkefni falla undir Google X, en þar á meðal eru sjálfkeyrandi bílar, Google-gleraugun, loftbelgir sem eiga að koma

“Ljóst er að sjúklingar og almenningur í dag nota netið sem aldrei fyrr og fá þar bæði góða og slæma ráðgjöf.

netsambandi á fjarlægja staði, augnlinsur sem mæla blóðsykur og síðast en ekki síst hin nýja Baseline Study. Þar er meiningin að kanna líkama fólks með það fyrir augum að geta sagt fyrir um sjúkdóma og myndun þeirra betur en við getum í dag og ýta undir forvarnir.

Í samvinnu við nokkra háskóla í Bandaríkjunum og nokkra tugi vísindamanna er meiningin að safna saman eins miklum upplýsingum um einstaklinga og mögulegt er á sviðum sameindalífraði og erfðafræði auk margra annarra sviða og nota síðan þá yfirburðareiknigetu sem Google ræður yfir til að vonandi finna það hvað skilgreinir heilbrigða manneskju. Með þessu eru þeir að eigin mati að leggja sitt á vogarskálarnar á sviði forvarna og heilsueflingar fyrir framtíðina með þá sýn að hægt verði að forða fólk frá sjúkdómum eða hindra þróun þeirra, jafnvel bæta meðferð þeirra sem þó munu veikjast.

Eflaust er hægt að skeggraða það hvers vegna akkúrat þetta fyrirtæki kys að eyða milljörðum Bandaríkjadala í slíkar rannsóknir þar sem ósennilegt er að þeir muni verða framleiðendur lækningatækja, lyfja eða annarra slíkra þátta í framtíðinni, en hver veit? Öruggt er að Google frændi mun þekkja þig mun betur í framtíðinni en hann gerir í dag, hvort sem þér líkar það betur eða verr.

In the High Court of Justice (Chancery Division) Companies Court No. 2640 of 2014

IN THE MATTER OF NATIONWIDE LIFE LIMITED (FORMERLY KNOWN AS NATIONWIDE ANGLIA LIMITED)

(a company registered in England with number 02319634)

-and-

IN THE MATTER OF LEGAL AND GENERAL ASSURANCE SOCIETY LIMITED

(a company registered in England with number 00166055)

-and-

IN THE MATTER OF THE FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000

NOTICE IS HEREBY GIVEN in accordance with section 114(2) of the Financial Services and Markets Act 2000 (the “Act”) that on 21 July 2014 an order was made by the High Court of Justice in London under sections 111, 112 and 112A of the Act sanctioning a scheme (the “Scheme”) providing for the transfer of the long-term insurance business, which consists of matured **GUARANTEED EQUITY BONDS**, carried on by Nationwide Life Limited (“NWL”) (the “Business”) to Legal and General Assurance Society Limited (“LGAS”). The transfer pursuant to the Scheme became effective on 31 July 2014.

Where, as regards any policy included in the Business, the “State of the commitment” is an EEA State other than the United Kingdom (as such terms are defined in the Act) and the policyholder has a right to cancel the policy as a result of the transfer under the law of the EEA State concerned, that right may be exercised during the period of 21 days following the date of publication of this notice or, where applicable, within such longer period as may be allowed under the law of the EEA State concerned. Where the State of the commitment is Belgium, the period is 90 days; where the State of the commitment is Estonia, the period is one month; where the State of the commitment is Finland, the period is three months; where the State of commitment is France, the period is one month; where the State of the commitment is Hungary, the period is 30 days; where the State of the Commitment is Italy, the period is 60 days; where the State of commitment is Norway, the period is four weeks.

Any person who has questions relating to the transfer or their right to cancel, or requires any further information, should contact either LGAS (by writing to The Nationwide Life Team, Legal & General, City Park, The Droveaway, Hove, BN3 7PY (Ref: Steve Evans) or calling +44 (0)845 730 2014) or the Solicitors named below (by writing to the address below or calling the telephone number below).

Slaughter and May
One Bunhill Row, London EC1Y 8YY
+44 (0)20 7600 1200 (Ref: RAC/OXB)
Solicitors to LGAS and NWL

Dated: 1 August 2014

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd
gegna kynferðislegu ofbeldi.



Markaðurinn er ekki bara fyrir stór fyrirtæki

NASDAQ OMX-kauphallinnar á Norðurlöndunum hafa í auknum mæli beint kastljósinu að smærri félögum og bent á að drifkraftur nýsköpunar og hagvaxtar liggja ekki hvað síst hjá þeim, enda um gríðarlegan fjölda fyrirtækja að ræða í þessum hópi. Þetta hefur verið stutt með tölfræðilegum samantektum þar sem kemur fram að vaxtarhraði og starfsmannafjölgun lítilla og meðalstórra fyrirtækja er meiri en annarra félaga.

Grundvallarhlutverk kauphalla er að leiða saman fyrirtæki sem leita fjármagns og fjárfesta á skipulegum verðbréfamarkaði, en ekki síður að styðja við smærri fyrirtæki á leið þeirra til vaxtar. Af Norðurlandamörkuðunum er það sænski markaðurinn sem hefur laðað að sér flestar nýskráningar og þá sérstaklega á þessu ári, en mikil vakning hefur orðið í Svíþjóð um kostina sem felast í því að sækjast eftir fjármögnun á markaði og þá sérstaklega fyrir minni fyrirtæki. Danski og finnski markaðurinn eru á ágætis skriði og vonandi mun sá íslenski taka kipp í haust, ef lífeyrissjóðir geta séð fram á aukna heimild til að bæta fyrirtækjum sem skráð eru á First North Iceland við eignasafnið sitt.

Fjölbreytileiki

Lítum aðeins á sænska markaðinn. Fyrstu sex mánuði ársins hafa 32 félög skráð sig á NASDAQ OMX Stockholm og þar af 23 á First North-markaðinn. Ef skoðuð eru nokkur dæmi um félög sem hafa valið skráningarleiðina á First North í Stokkhólmi þá má sjá að um fjölbreytta flóru er að ræða. Brighter vinnur að þróun á „svissneska vasahniðnum“ fyrir sykursjúka, Mackmyra framleiðir sænskt viskí, 2E Group sérhæfir sig í tónleika- og ráðstefnuhaldi, Dignitana vinnur við þróun á hettu sem kemur í veg fyrir hármíssi

FJÁRMÁL



Hermann Práinsson
NASDAQ OMX
Iceland

→ Það hentar ekki öllum fyrirtækjum að fara á markað, en markaðurinn á að vera augljós valkostur fyrir þau fyrirtæki sem leita fjármögnunar.

hjá krabbameinssjúklingum í efna-meðferð og Paradox Entertainment framleiðir tölvuleiki, kvikmyndir og borðspil.

Það er ekki eingöngu fjölbreytileiki þessara fyrirtækja sem er áhugaverður heldur einnig það að samanlagt markaðsverðmæti þeirra er rétt rúmlega markaðsvirði Fjarskipta sem var önnur minnsta nýskráningin hér á landi síðustu ár. Stöðugt er verið að vinna að umbótum á regluverki fyrir félög á markaði. Vegast þar á sjónarmið annars vegar um að aflétta reglubyrði þannig að regluverk sé ekki of íþyngjandi fyrir smærri félög sem kjósa að sækjast eftir skráningu og hins vegar að slík aflétting á reglubyrði verði ekki framkvæmd á kostnað fjárfesta og gagnsæis á markaði. First North-regluverkið ætti ekki að fæla álitleg fyrirtæki frá þeim valkosti sem markaðurinn er, eins og dæmi frá Svíþjóð hafa sýnt.

Það hentar ekki öllum fyrirtækjum að fara á markað, en markaðurinn á að vera augljós valkostur fyrir þau fyrirtæki sem leita fjármögnunar, hvort sem er með útgáfu hlutabréfa eða skuldabréfa á First North. Við teljum að mörg fyrirtæki séu að horfa að ósekju fram hjá þeim tækifærum sem skráning á markað getur veitt þeim og takmarka þannig möguleikana á frekari vexti. Það er hvorki stærð né virði fyrirtækja sem er helsta viðmið varðandi hvort þau henti á markað, heldur framtíðarstefna og plön stjórnenda og eigna þeirra.

Dýrkeypt sóun hæfileika

Skólaárið 2011-2012 voru 27,5 prósent íslenskra grunnskólanema í sérkennslu og var lífll munur á milli árganga. Ekki liggja fyrir tölur um heildarkostnað af sérkennslunni utan Reykjavíkur, en þar var hann áætlaður um eitt þúsund og þrjú hundruð milljónir króna (1.300.287.000,00 kr.) árið 2012.

Má þá ætla kostnað vegna sérkennslu á landinu öllu um 3,9 milljarða á ári.

Sérkennslu virðist einkum ætlað að mæta sértækum námserfiðleikum svo sem lesblindu, athyglisbresti og ofvirkni, en einnig er þar gripið til geðlyfja til að bæta stöðu þeirra sem sagðir eru ofvirkir og/eða með athyglisbrest.

Kostnaður vegna geðlyfja, sem börnum (og fullorðnum) sem eru sögð vera með athyglisbrest og ofvirkni eru gefin, fer ört vaxandi og er nú væntanlega um milljarður króna, (hlutur Sjúkratrygginga Íslands).

Árangurinn er ekki ásættanlegur ef um fjórðungur drengja les sér ekki að gagni við lok grunnskóla og æ fleiri þarfnast geðlyfja við athyglisbresti og ofvirkni á fullorðinsaldri.

Lesblinda er ekki meðfædd, ekki sjúkdómur eða óbætanlegur ágalli; lesblindan er eiginlega veittur áverki, afleiðing misheppnaðrar lestrarkennslu.

En það má bæta skaðann, hreinsa sárið, heila meinið og kenna lesturinn með aðferðum sem falla að námsstíl hins „lesblinda“. Það er sem sagt hægt að „leiðrétta“ lesblinduna.

Með því að laga lestrarkennsluna frá upphafi að námsstíl og þroska nemenda er hægt að fyrirbyggja að þeir villist út í lesblindufenið og sitji þar.

Úr marvaðatroðslu

Af þeirri fjárhæð sem varið er til sérkennslu má ætla að verulegur hluti fari til lestrarkennslu „lesblindra“. Með því að

MENNTUN



Sturla Kristjánsson
sálfræðingur og
Davis-ráðgjafi

leiðrétta áunna lesblindu og fyrirbyggja síðan frekari „lesblinduframleiðslu“ má spara gífurlegar fjárhæðir í sérkennslu. Björgum fyrst þeim sem eru að ljúka grunnskólanámi og vinnum síðan frá báðum endum, leiðréttingu þá eldri og fyrirbyggjum að yngri börnin lendi í lesblindunni. Þannig má fækka sérkennslunemendum um 70-90 prósent og færa fjármuni úr marvaðatroðslu sérkennslunnar yfir í flugsund og jafnvel dýfingar!

Lífsglöðum, spurulum og skapandi ungmennum á ekki að gefa geðlyf, að undangenginni „geðröskunargreiningu“, til að auðvelda aðlögun þeirra að samfélagi iðnbyltingarinnar. Þau þurfa virðingu og traust til að skapa það samfélag framtíðarinnar sem við sjáum ekki fyrir.

Flytjum fjármuni frá sérkennslu til þróunar og umbóta. Komum lesblindum til bjargar, bætum lestrarkennsluna og tryggjum öllum lestrarfærni á þeirra eigin forsendum. Leggjum þannig lesblinduhugtakið af.

Lögum kennsluáferðir og kennsluhætti að hæfni hvers og eins og gefum öllum kost á að njóta sértækra hæfileika sinna, hvort sem námsstíll þeirra er „VHSH“ eða „HHFS“ (vinstri heila sitja og hlusta eða hægri heila fara og skoða). Þannig má útrýma ofvirknigreiningum og geðlyfjagjöfum fullfrískra barna og unglunga. Ritalín gerir aldrei hægri heila barn að vinstri heila barni, sem betur fer, en getur komið í veg fyrir að hægri heila barn blómstri og njóti einstakra hæfileika sinna.

Sinum síðan þeim sem sannlega þurfa á sérkennslu að halda vegna greinanlegra fatlana og þeim sannanlega veiku einstaklingum sem ofvirknigreiningar og geðlyfjagjafir hafa brugðist og komið í veg fyrir að fengju raunverulega úrbót meina sinna.

Gefum framtíðinni skóla án tapara og skóla án lyfja; skóla sköpunar og lífsgleði.

Subway kynnir bát dagsins.

7 mismunandi bátar alla daga vikunnar, allan ágúst á 549 kr.

BÁTUR DAGSINS

MÁNUDAGUR
Sterkur ítalskur

PRÍÐJUDAGUR
Kalkúnsbringa og skinka

MÍÐVIKUDAGUR
Pizzabátur

FIMMTUDAGUR
Skinkubátur

Örugg neytendavara á markaði

Daglega notum við eða komumst í snertingu við alls kyns neytendavöru sem við göngum út frá að sé eins örugg og mögulegt er að ætlast til á sanngjarnan hátt. Í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu segir að einungis megi setja örugga vöru á markað. Í þessu felst að vara þarf að uppfylla þær kröfur sem neytandi má með sanngirni ætla að vara uppfylli og varð meðal annars til þess að kaupin áttu sér stað. Lögin ná yfir hvers kyns vöru sem notuð er af neytendum að undanskildum matvælum og lyfjum, en sérlæg gilda auk þess einnig í ýmsum tilfellum um ákveðna vöruflokk, til dæmis vörur sem lúta reglum um CE-merkingar.

NEYTENDUR



Birna Hreiðarsdóttir framkvæmdastjóri

Það er engu að síður staðreynd að í ýmsum tilvikum eru vörur settar á markað sem ekki uppfylla kröfur og geta því ógnað heilsu og öryggi neytenda. Að undanfögnu hafa borist fréttir af innköllun á vöru af markaði sem ekki uppfyllir settar kröfur. Hér má nefna föt með of löngum reimum og uppstoppuð dýr sem með réttu áttu að uppfylla reglur um öryggi leikfanga og CE-merkingu. Í þessum tilvikum eru fyrirtæki og eftirlitsstjórnvöld að bregðast við annmörkum á vöru með því að taka hana af markaði, í fyrrgreindum dæmum til að vernda börn frá hugsanlegu tjóni við að komast í snertingu við vöru eða við notkun hennar. Í sumum tilfellum er hægt að lagfæra annmarkana og setja vöruna aftur á markað, stundum er hins vegar eina leiðin að farga vörunni. Báðar leiðirnar hafa óhjákvæmilega í för með sér kostnað fyrir framleiðandann og í sumum tilvikum skert orðspor fyrirtækis.

Samkeppnisforskot

Til að tryggja sé eins og unnt er að vara uppfylli settar kröfur er því grundvallar-

atriði að framleiðandi sjái til þess að framkvæmt sé áhættumat á vörunni áður en til markaðssetningar kemur. Það felur í sér að lagt er mat á allar fyrirséðar hættur sem upp geta komið við notkun vörunnar, ekki síst með tilliti til viðkvæmra neytenda svo sem barna og eldra fólks. Nauðsynlegar leiðbeiningar og varúðarmerkingar sem þurfa að fylgja vörunni byggjast að miklu leyti á niðurstöðu áhættumatsins. Einnig þarf að huga að ýmsum

öðrum atriðum, svo sem að umbúðir séu hannaðar í samræmi við reglur og að nægilegar upplýsingar um vöruna séu aðgengi- legar.

Að mörgu er því að hyggja áður en neytendavara er sett á markað. Fyrirtækjum sem eru að fóta sig í nýsköpun er sérstaklega bent á að skoða þessi mál vandlega og láta greina öll þau atriði sem uppfylla þarf til að markaðssetning sé í samræmi við reglur. Það margborgar sig að hafa þessi mál í lagi frá upphafi, þá er eftirliturinn auðveldari. Hin hliðin á málinu er sú staðreynd að umræddar reglur eru byggðar á samevrópskum kröfum sem gilda á öllu EES-svæðinu. Með því að uppfylla þessar kröfur opnast möguleiki fyrir framleiðanda til markaðssetningar vörunnar á um 520 milljóna manna markaði. Það er ekki lítils virði.

Engum vafa er undirorpið að samevrópskar reglur um öryggi vöru auka neytendavernd. En einnig skal áhersla lögð á að þau fyrirtæki sem tryggja eins og kostur er að vara muni ekki á neinn hátt geta valdið neytendum tjóni með því að láta framkvæma áhættumat á vörunni og láta í té allar upplýsingar um rétta notkun vörunnar hljóta einfaldlega að hafa samkeppnisforskot fram yfir þau fyrirtæki sem kasta til höndum um þessi grundvallaratriði við framleiðslu og markaðssetningu vöru.

Vinnustaðaeinelti: Falið samfélagsvandamál

Ég las áhugavert viðtal um vinnustaðaeinelti á netinu fyrr á árinu. Viðtalið er tekið við dr. Gary Namie, félagsálfræðing og sérfræðing í eineltismálum, og er það að finna á vefsíðunni legalchecklist.org.

SAMFÉLAG



Brynja Bragadóttir vinnusálfræðingur

Í viðtalinu segir dr. Namie að vinnustaðaeinelti sé faraldur (an epidemic) í Bandaríkjunum og skilgreinir hann einelti sem tegund ofbeldis þar sem gerandi er á launaskrá („A form of abuse where the abuser is on the payroll“). Þá segir hann að áhrif eineltis á þolandur geti verið mjög alvarleg.

Fleira sem kemur fram í viðtalinu og ég sé ástæðu til að þýða er eftirfarandi:

- Hugtakið einelti er notað til aðgreiningar frá hugtökum eins og stríðni.
- Einelti er endurtekið neikvætt athæfi (repeated mistreatment) sem einn eða fleiri einstaklingar sýna.
- Einelti getur falist í meiðandi orðum, hótunum, niðrandi framkomu og skemmdarverkum.
- Athæfið hefur neikvæð áhrif á heilsu þolanda.

Einelti hefur ekkert með starf þolanda að gera, heldur snýst það um neikvæðan ásetning geranda. Athæfið hefur truflandi áhrif á starf og fjölskyldulíf þolandans. Einnig hefur einelti neikvæð áhrif á starfsanda og fleiri þætti, svo sem afköst starfsmanna.

Samkvæmt rannsóknum dr. Namie hafa 35 prósent Bandaríkjamanna upplifað einelti á starfsferli sínum, eða 54 milljónir manns. Samkvæmt þessu er einelti útbreitt vandamál. Þá leggur dr. Namie áherslu á að einelti sé ekki huglægt (subjective) heldur raunverulegt fyrirbæri. Þó eru margir sem afneita þessum vanda.

➔ Þarf hér tvennt að koma til, annars vegar að stjórnendur viðurkenni vandann og hins vegar að þolandur (og vitni) tilkynni mál.

Stjórnendavandamál

Þegar horft er á hóp gerenda sýna rannsóknir að um 70 prósent eru yfirmenn. Samkvæmt þessu er einelti fyrst og fremst stjórnendavandamál. Hins vegar gerist það einnig að starfsmenn (einn eða fleiri) leggja starfsfélaga í einelti.

Jafnframt sýna rannsóknir að þolandur upplifa oft mikla skömm og sektarkennd vegna reynslu sinnar. Dr. Namie segir að skömm og sektarkennd séu aðskildar tilfinningar, en að báðar hafi þær þau áhrif að þolandur þegja. Bandarísk tölfræði sýnir til dæmis að aðeins 15 prósent þolenda tilkynna einelti á vinnustað.

Þegar þolandur tilkynna einelti vænta þeir þess að vinnuveitendur bregðist við. Hins vegar gerist það sjaldnast. Algengara er að vinnuveitendur afneiti vandanum eða leitist við að réttlæta hegðun gerenda. Af þessum sökum – og vegna þess hversu fáir tilkynna mál – talar dr. Namie um vinnustaðaeinelti sem „hljóðan faraldur“ (silent epidemic).

Því miður er staðan svipuð hér á landi og er mikilvægt að breyta henni. Þarf hér tvennt að koma til, annars vegar að stjórnendur viðurkenni vandann og hins vegar að þolandur (eða vitni) tilkynni mál.

Eins og staðan er í dag er vinnustaðaeinelti falið vandamál á Íslandi, líkt og kynferðisofbeldi var áður. Sem betur fer hefur umræða um hið síðarnefnda opnast að undanfögnu og vonandi mun hið sama gerast með vinnustaðaeinelti.

ÞRIÐJUDAGUR

Kalkúnsbringa og skinka



Aðeins

549kr

FÖSTUDAGUR

Túnfiskbátur

LAUGARDAGUR

Ítalskur BMT

SUNNUDAGUR

Kjúklingabringa



Ferskleiki er okkar bragð.™

RISAUÚ

ÚTVÖRÞ
BÍLHÁTALARAR
BÍLMAGNARAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

ALLT AÐ 75%

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR

HRAERIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR

BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti

Lítill heimilistæki í miklu úrvali með allt að 50% afslætti

Philips sjónvörp með allt að 250.000 kr. afslætti

Heimabíókerfi með allt að 38% afslætti

7kg þvottavélar frá 64.995 kr.

Ofnar og helluborð með allt að 50.000 kr. afslætti

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

CASIO

Lenco

NAD

KENWOOD

PHILIPS

LG

Panasonic

DENON

UNITED

BEKO

scan domestic

DVD SPILARAR BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
PRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
SJÓNVÖRÞ FERÐATÆKI

HT IS SALLA

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

Práðlausir heimilissímar frá 2.995 kr.
Uppvottavélar með allt að 60.000 kr. afslætti
Nikon myndavélar með allt að 38% afslætti
Heyrnartól í miklu úrvali með allt að 60% afslætti
185sm kæliskápar með frysti frá 74.995 kr.

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

OPIÐ HELGINA 9. - 10. ÁGÚST
LAUGARDAG 11-16 OG
SUNNUDAG 13-17



Heimilistæki

www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa ~~friete~~ elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEVOO

+

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,
INGEBORG EINARSSON
 Hæðargarði 35,
 Reykjavík,
 lést 24. júlí á Landspítala við Hringbraut. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 13.00.



Kirsten Friðriksdóttir
Halldór Friðriksson
Erlingur Friðriksson
Hildur Friðriksdóttir
 ömmubörn og langömmubörn.

Sigurður Ingvarsson
Kristrún Pétursdóttir
Valgerður Sigurjónsdóttir
Bjarni Halldórsson

+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
MAGNEA JÓNÍNA
ÞORSTEINSDÓTTIR
 sjúkralíði,
 Hlíðarhúsum 3,
 áður Arahólum 2, Reykjavík,
 lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 28. júlí. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 5. ágúst klukkan 13.00.



Þór Vignir Steingrímsson
Ólafur Kristinn Ólafs
Þorsteinn Ólafs
Halldóra Sigurlaug Ólafs, Magnea Jónína Ólafs,
Þór Steinar Ólafs, Björg Magnea Ólafs, Kristján Már Ólafs

Soffía G. Jóhannesdóttir
Lára Kristjánsdóttir

+

Innlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, dóttur, systur og mágkonu,
ÁSTRÍÐAR HAFDÍSAR
GUÐLAUGSDÓTTUR GINSBERG
 Dvergholti 25, Hafnarfirði.
 Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala, samstarfsfólks hjá Rannis, vina og ættingja.



Heinz Dieter Ginsberg
Guðrún Jónsdóttir
Hilmar Guðlaugsson
Kristín Guðlaugsdóttir
Aðalheiður Birna Gunnarsdóttir

Jóna Steinsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.
 Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
 Eingöngu hjá Graníthöllinni
 Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni
 Graníthöllin Legsteinar
 www.granithollin.is
 Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888



Fagna því að hafa fengið að lifa svona langan dag

Bjarnfríður Leósdóttir, fyrrverandi kennari og verkalýðsfrömuður, er níræð á morgun. Hún lítur ánægð yfir farinn veg og ætlar að halda veislu í tilefni afmælisins.

„Ég er ekki manneskja sem hefur haldið mikið upp á afmælin sín en nú hef ég tórt svo lengi og ákvað að fagna því að hafa fengið að lifa svona langan dag,“ segir Bjarnfríður Leósdóttir, fyrrverandi kennari og verkalýðsfrömuður, glaðlega. Hún verður níræð á morgun, 6. ágúst, og verður með opið hús í sal Félags eldri borgara á Akranesi milli klukkan 17 og 19.

Bjarnfríður fæddist á Másstöðum við Akranes og hefur átt heima á Skaganum alla sína tíð. Nú býr hún á dvalarheimilinu Höfða. Frá því hún lauk prófi frá Samvinnuskólanum kveðst hún hafa unnið fjölbreytt störf, allt frá síldarsöltun til setu á Alþingi. „Ég jók við menntun mína á fullorðinsárum og gerðist kennari við Fjölbrautaskólann og tók líka leiðsögumannspróf,“ rifjar hún upp og minnst einnig starfa sinna með hinum ýmsu félögum en Bjarnfríður varð þjóðþekkt fyrir afskipti sín af verkalýðs- og jafnréttismálum. Í áratugi hefur hún verið í bókmenntaklúbbi sem enn er við lýði. „Við komum alltaf vel lesin á fundi og það hefur gefið okkur mikla menntun og vitneskju um bókmenntir. Svo var ég líka í leikfélaginu og eitt af því sem ég lék var Snæfríður Íslandssól í Íslandsklukkunni.“

Í einkalífnum kveðst Bjarnfríður hafa verið heppin nema hvað hún hafi misst manninn sinn snemma. Hann hét Jóhannes Finnsson og lést af slysförum við sjómennsku árið 1974. Börnin urðu fjögur, Steinunn, Eyjólfur, sem aðeins varð sólarhringsgamall, Leó og Hallbera. „Börnin fóru menntavegin, tvö eru kennarar og eitt leikari og rithöfundur,“ segir Bjarnfríður. „Ég held því hiklaust fram að fólk eins og ég, sem kem úr verkalýðsstétt, hafi lagt sig



AFMÆLISBÖRN Bjarnfríður ásamt dótturdóttur sinni, Órnu Kristínu Einarssdóttur, sem deilir með henni afmælisdeginum.

fram um að mennta sín börn svo þau gætu sinnt vandasamari verkum.“

Bjarnfríður kveðst líta með ánægju yfir farinn veg. „Lífið hefur farið vel með mig að flestu leyti og ég held ég hafi líka svolítið unnið að því.“

gun@frettabladid.is

“Lífið hefur farið vel með mig að flestu leyti og ég held ég hafi líka svolítið unnið að því.”

Bjarnfríður Leósdóttir, fyrrverandi kennari og verkalýðsfrömuður.

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
GUNNÞÓRUNN GYÐA
SIGURJÓNSDÓTTIR (ÞÓRA)
 Hraunvangi 1,
 lést laugardaginn 26. júlí síðastliðinn á Landspítalanum. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju 8. ágúst kl. 13.00.



Gunnar Geir Kristjánsson
Magnús Guðjónsson
Índiana Guðjónsdóttir
Þórarinn Guðjónsson
Aðalheiður Guðjónsdóttir
Svava K. Guðjónsdóttir
Margrét Ásta Guðjónsdóttir
 og ömmubörn.

Arndís Magnúsdóttir
Guðjón Örn Vopnfjörð
Guðrún Ingimundardóttir
Jónas Hrólfsson
Davíð Pálmason

+

Elskuleg dóttir, systir og frænka,
ELÍN KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR
 Grenimel 25,
 sem lést 23. júlí sl. verður jarðsungen frá Nes Kirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 13.00.



Theodóra Ólafsdóttir
Ingibjörg Þóra Gunnarsdóttir
Dóra Björk Guðjónsdóttir

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi, langafi og langalangafi,
SIGURÐUR HÓLM ÞÓRÐARSON
 lést á hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi þann 31. júlí síðastliðinn um klukkan hálfjögur að nóttu. Sigurður verður jarðsungen frá Guðríðarkirkju í Grafarholti miðvikudaginn 6. ágúst næstkomandi klukkan 15.00.



Guðrún Tómasdóttir
 börn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
SÍMON HALLSSON
 löggiltur endurskoðandi,
 Vogalandi 8, Reykjavík,
 lést á heimili sínu mánudaginn 28. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 13.00.



Anna Eyjólfsdóttir
Eyjólfur Símonarson
Hallur Símonarson
Guðrún Símonardóttir
 og barnabörn.

Adrianna Simonarson
Magnea Lena Björnsdóttir
Ólafur Örn Jónsson



Þegar andlát ber að höndum
 önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Framúrskarandi fyrirtæki 2013
Við þjónum allan sólarhringinn
 Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HINSEGIN DAGAR Í HÖRPU

Opunarhátíð Hinsegin daga verður í Silfurbergi í Hörpu á fimmtudagskvöld kl. 21. Páll Óskar mun stíga á svið ásamt fjölda annarra listamanna. Sérstakur gestur er William sem þekktur er úr sjónvarpsþáttunum RuPaul's Drag Race og mun hann án efa koma gestum á óvart með sviðsframkomu sinni.

GEISLANDI HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

GOJI BER



Eykur orku og vellíðan, minnkar sykurbörf, gefur fallegri húð og skýrari hugsun.

Tilvalið fyrir þá sem vilja neyta Goji berja á þægilegan máta.



Goji ber innihalda 500 sinnum meira magn C-vítamíns en appelsínur, margfalt meira járn en spinat og tífalt meiri andoxunarefni en bláber



HAMINGJUBERIN

Fáanlegt í fjölda apóteka, Fjarðarkaup, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu Blómaval, Sportlíf og Heimkaup



Pana Chocolate

Súkkulaði sem er gott fyrir þig...



- Náttúruleg ofurfæða
- Enginn unninn sykur!
- Framleitt við lágan hita til að viðhalda miklu magni næringaefna
- Inniheldur hrá lífræn- og náttúruleg innihaldsefni



Allt okkar súkkulaði er bæði hand- gert og innpakkað

Inniheldur lífrænt kakó sem er með miklu magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum.

www.icecare.is - Netverslun

Útsöluastaðir:

Hagkaup lífræna deildin, Fjarðarkaup - Fræið heilsuhornið, Heilsuhúsið, Blómaval – heilsuhornið, Lifandi markaður Borgartúni

RAUÐRÓFAN ER ÓTRÚLEG OFURFÆÐA

GENGUR VEL KYNNIR Beetroot frá Natures Aid sem er 100% náttúrulegt rauðrófu-extrakt í hylkjum fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. Rauðrófan er talin auka blóðflæðið og stuðla þannig að betri líðan og heilsu.

Rauðrófan er ótrúleg ofurfæða sem allir ættu að setja inn í mataræðið sitt sem vilja viðhalda góðri heilsu og lífsgæðum,“ segir Sigrún Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri Gengur vel. „Það sem ég hef rekið mig á er að fólki finnst bragðið af rauðrófunni og rauðrófusafanum frekar vont. Það byrjar oft á því og gefst svo upp. Því finnst mér rauðrófuhylkin svo mikil snilld. Í Beetroot-glasinu eru 90 hylki og þar sem dagskammturinn er tvö hylki á dag er þetta 45 daga skammtur. Auk þess er verðið mjög gott. Viðtökur viðskiptavina á Íslandi hafa líka verið ótrúlega góðar, enda löngu tímabært að við Íslendingar nýtum ofurkraft rauðrófunnar til betri heilsu.“

„Ég kynntist rauðrófunni og kostum hennar fyrst árið 2008 á frábæru heilsuhótelu erlendis. Þar var rauðrófunni gert mjög hátt undir höfði og alltaf talað um hana sem ofurfæði. Hún var inni í öllu mataræðinu þar. Læknirinn sagði hana auka blóðflæðið sem þannig hefði jákvæð áhrif á marga þætti til betri líkamlegrar heilsu meðal annars fyrir:

- allt íþróttafólk sem vill ná betri árangri, auka orku, úthald og snerpu.
- alla þá sem eru að glíma við blóðþrýstingsvandamál, of hátt kólesteról, hjarta-, æða- og taugasjúkdóma, ristilvandamál o.fl.
- alla sem vilja hreinsa líkamann, halda sér í kjörþyngd og viðhalda góðri heilsu.
- alla þá sem vilja bæta kynlífið. Bætir ris karlmannna og eykur kynörvun beggja kynja.

„Ég mæli hiklaust með Beetroot-rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid.“



SÖLUSTADIR

Beetroot-rauðrófuhylkin fást í flestum apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og verslana og völdum líkamsræktarstöðvum.

Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is.



MÆLI MEÐ

„Aukið blóðflæði er talið stuðla að heilbrigðu hjarta- og æðakerfi, talið geta lækkað blóðþrýsting og minnka kólesteról í blóðinu,“ segir Sigrún Kjartansdóttir. MYND/GVA

SNILLD

„Mörgum finnst bragðið af rauðrófunni og rauðrófusafanum vont og því eru rauðrófuhylkin svo mikil snilld.“



iittala


10% afsláttur



Gjöf handa þér og þínum

Tékk
www.tk.is
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



HLAUPIÐ UM ÓBYGGÐIR

110 KÍLÓMETRAR Utanvegahlaupið Run Iceland verður haldið í fimmta skipti í byrjun september. Hlaupið, sem er í fimm leggjum, hefst í Skaftafelli þriðjudaginn 2. september og endar í Kaldadal laugardaginn 6. september. Þátttakendur hlaupa samtals 110 kílómetra en auk þess er hægt að velja staka leggi. Meirihluti þátttakenda er útlendingar en Íslendingum er velkomið að taka þátt.

„Það stefnir í metþátttöku í ár og eru rúmlega 50 þátttakendur frá 15 löndum skráðir til leiks,“ segir Ítaliinn Giorgio Codias, einn þriggja skipuleggjenda hlaupsins. Hingað til hafa flestir þátttakendur verið útlendingar en þó nokkrir Íslendingar hafa tekið þátt í einstaka leggjum. Má þar nefna Elísabetu Margeirsdóttur, Ágúst Kvaran og Viktor Vigfússon. „Það stendur ávallt til boða og við vonumst jafnframt til þess að einhverjir heimamenn vilji taka þátt í viðburðinum í heild,“ segir Giorgio.

Hann kom fyrst til Íslands sem námsmaður árið 1997 og hefur starfað hér með túristum síðan 2000. Giorgio starfar fyrir Giver Viaggi, sem er elsta og stærsta ferðaskrifstofa Ítalíu í Skandinavíu, og dvelur hér að minnsta kosti fjóra mánuði á ári. Giorgio setti hlaupið á laggirnar ásamt samlöndum sínum, þeim Dino Bonelli og Alberto Rovera, og eru þeir í samstarfi við Ferðamiðlun og fleiri aðila á Suðurlandi. Dino er ljósmyndari og mikill hlaupari sjálfur. „Alberto hefur víðtæka reynslu af því að skipuleggja hlaup, maraþon og últra-maraþon á Ítalíu og víðar í Evrópu. Ég var svo kominn með umtalsverða reynslu af Íslandi og við ákváðum að sameina krafta okkar sem hefur gefist vel,“ segir Giorgio. Þátttakendur í ár eru frá Ítalíu, Noregi, Sviss, Þýskalandi, Frakklandi, Tékklandi, Mónakó, Ísrael, Bandaríkjunum, Kanada, Dóminíska lýðveldinu, Hong Kong, Singapúr og Spáni. Flestir eru skráðir í alla

110 kílómetrana en sumir í 3x10 km hlaup og aðra styttri leggi.

Giorgio segir einhverja koma með það að markmiði að sigra en fleiri vilja bara klára hlaupið. „Aðstæður eru krefjandi en þannig vilja hlauparar sem skrá sig til leiks hafa það. Geta þátttakenda er þó mjög misjöfn. Við erum með fólk sem klárar maraþon á undir þremur tímum en líka á yfir sex tímum. Það fólk er ekki síður að sækjast eftir návígi við stórkostlega náttúru landsins.“

Giorgio segir erlendu þátttakendurnar gista á hótélum og að Íslendingum standi það líka til boða en auk þess er hægt að vera með ferðahýsi eða koma part úr degi. Þáttökugjald í einstaka hlaup er á bilinu 3 til 5 þúsund krónur. Allar nánari upplýsingar og skráning fer fram á runiceland.org.



PREKRAUN Hluti hópsins kemur til að vinna en aðrir vilja bara klára hlaupið og njóta náttúrunnar. MYNDIR/GIORGIO CODIA OG DINO BONELLI



ÞÁTTTAKENDUR FRÁ 15 LÖNDUM Giorgio er einn af þremur skipuleggjendum hlaupsins. Hann hefur unnið með ferðamönnum á Íslandi síðan 2000.



HÆGT AÐ VELJA STAKA LEGGI Geta hlaupara er mjög misjöfn. Sumir hlaupa maraþon á undir þremur tímum. Aðrir á yfir sex. Þá er möguleiki að hlaupa aðeins staka leggi.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir | Sölumenn: Bryndis Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434 | Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447

Líf án streitu

- lærðu að njóta lífsins

7 daga heilsudvöl 7. – 14. september

Námskeiðið er fyrir þá sem vilja njóta lífsins, lifa lífinu aðeins hægar og huga að andlegri og líkamlegri líðan. Dvölin gefur einnig einstakt tækifæri til að taka upp nýjar og skynsamlegar leiðir hvað varðar hreyfingu, næringu og svefn.

Innifalið: Gisting, ljúffengur og hollur matur, skipulögð dagskrá, hugleiðsla og jóga, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt.

Verð á mann: 119.900 kr.

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 eða heilsu@hnlfi.is

Heilsustofnun
Náttúrulækningafélags Íslands

Grænumörk 10 – Hveragerði – www.hnlfi.is

Aukadagur fyrir þá sem vilja lengja dvölinn er 9.900 kr. pr. sólarhring.



Whirlpool

PVOTTAVÉLAR



Heimilistæki ht.is

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

MEIRI LÍFSGÆÐI FYRIR KARLMENN

Brizo er framleitt á einstakan hátt með gerjunaraðferð sem eykur aðgengi að gagnlega virka efninu sem er í sojabauninni. Með því að veita skjóta lausn við óþægilegum einkennum við þvaglát veitir Brizo aukna vellíðan yfir daginn en þó sérstaklega á nóttunni.



VEITIR LAUSN VEGNA ÓÞÆGINDA VIÐ ÞVAGLÁT

ICECARE KYNNIR Brizo er ætlað að létta á óþægilegum einkennum frá neðri þvagfærum vegna stækkunar á blöðruhálskirtli, sem er algengur fylgikvilli þegar karlmenn eldast og kallast góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli.

Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði og er ánægður með hverju vel það hefur reynst mér. Ég er 66 ára og var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Þetta var óþægilegt og mér líkaði ekki ástandið,“ segir Skúli Sigurðarson. „Ég vildi forðast að nota lyf, leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst fyrir nokkrum mánuðum að prófa einn mánaðarskammt af Brizo og fann fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru þau að það virtist vera minni þrýstingur á blöðruna og þvagrásina.“

„Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði samfleytt og er mjög ánægður með árangurinn og það hvernig mér líður af notkun þess. Ég hef mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf.“

HVERNIG Á AÐ NOTA BRIZO?

Það á að taka Brizo™ inn tvisvar á dag, eitt hylki á morgnana og eitt á kvöldin. Takið hylkin inn með vatni. Taka má Brizo™ með mat eða á fastandi maga. Það er mikilvægt að taka inn ráðlagðan dagskammt til að það beri tilætlaðan árangur.

AF HVERJU STÆKKAR BLÖÐRUHÁLSKIRTILLINN?

Þegar karlmenn eldast breytist hormónamagnið í líkamanum. Testósterongildið minnkar en estrósgengildið stendur í stað. Þessar hlutfallsbreytingar geta verið orsök þess að blöðruhálskirtillinn stækkar.

Það er hins vegar ekki vítað hver hin raunverulega ástæða er fyrir því að blöðruhálskirtillinn stækkar, því er erfitt að koma í veg fyrir það. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að blöðruhálskirtlinum.

Blöðruhálskirtillinn umlykur þvagrásina rétt neðan við þvagblöðruna. Flest einkenni fela í sér erfiðleika við þvaglát sem er kallað einkenni frá neðri þvagfærum.

Algengustu einkennum eru:

- Lítil eða slöpp þvagbuna



NÁTTÚRULEG LAUSN Skúli Sigurðarson segir að hann hafi fljótt fundið mun eftir að hann byrjaði að taka inn Brizo. MYND/GVA

- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátapörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát

Ef þetta er ekki meðhöndlað getur blöðruhálskirtillinn stækkað og þrengt alveg að þvagrásinni. Það getur leitt af sér önnur þvagvandamál sem geta valdið skemmdum á nýrum.

HVERNIG GETUR BRIZO HJÁLPAÐ?

Brizo™ er sojapýkkni sem getur

umbylt lífsgæðum karlmannna. Brizo™ er framleitt á einstakan hátt með gerjunaraðferð sem eykur aðgengi að gagnlega virka efninu sem er í sojabauninni. Með því að veita skjóta lausn við óþægilegum einkennum við þvaglát, veitir Brizo™ aukna vellíðan yfir daginn og þá sérstaklega á nóttunni.

ÁRANGUR AF BRIZO?

Tilætluð áhrif af Brizo™ geta komið í ljós á innan við mánuði eftir að inntaka er hafin. Brizo™ umbyltir heilbrigði blöðruhálskirtilsins hjá karlmonnum með því að draga bæði úr tíðum þvaglátum og næturþvagláti.



SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM



frá 233.730 kr.
Verð áður 333.900 kr.

30%

AFSLÁTTUR

af öllum sófum / sófasettum

*Í VÖLDUM ÁKLÆÐUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Texas

Verðdæmi:

3ja sæta

Sófasett 3+1+1

frá 144.130kr. verð áður 205.900

frá 300.230kr. verð áður 528.066



Torino

Verðdæmi:

Tungusófar 2+tungu

Hornsófar 2H2

Sófasett 3+1+1

frá 180.530kr. verð áður 257.900

frá 233.730kr. verð áður 333.900

frá 260.330kr. verð áður 371.900



Basel

frá 127.330 kr.
Verð áður 181.00 kr.



Dallas

frá 199.430 kr.
Verð áður 284.900 kr.

Verið velkomin í heimsókn!

Opið virka daga kl.10-18

Patti
HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Vissir þú að...



Barnaheill

Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á Vernd gegn klámi.

Orkuskot fyrir æfingar

WE BEET THE COMPETITION

Eitt skot = 6 rauðrófur eða 1 líter af rauðrófusafa



www.vitex.is



Við elskum lífrænt



Brautryðjandi í lífrænni framleiðslu síðan 1974



FRELSI Sumarfrí snúast um afslöppun og hugarró, ævintýri og óvænta upplifun á nýjum stöðum fjarri vanabundnu hversdagslífi.

GOTT AÐ MUNA Í SUMARFRÍINU

HEILSA Loksins, loksins sumarfrí. Það er vel hægt að eiga frábært og syndsamlegt sumarfrí um leið og sýnd er skynsemi í mataræði og hreyfingu.

Hvort sem þú ætlar að baða þig á sólarströnd, dingla þér í borgarferð eða gerast tjaldbúi í íslenskri sveit er fyrst og fremst dásamlegt að breyta hefðbundnum takti tilverunnar. Þá er freistandi að njóta lífsins lystisemda en hollt er að hafa á bak við eyrað að sýna skynsemi í mataræði og ástunda reglulega hreyfingu. Það er ávísun á sæla heimkomu.

Hafið eftirfarandi í huga á gleðistundum í sumar:

Gerid þar þad sem ykkur þykir skemmtilegt og endurnærandi í sumarfríinu.

- Slökkvið á farsímanum og eigið áreitisslausar gæðastundir með vinum og fjölskyldu.
- Ekki missa ykkur í óhóf og óhollustu þótt sumarfrí sé komið í allri sinni dýrd.
- Sneiðið hjá lúgusjoppum og takið frekar með hollt og girnilegt nesti til að maula við þjóðveginn.

• Sparið magapláss og hitaein- ingaþörf fyrir valdar freistingar og hafið aðrar máltíðir dagsins í léttari kantinum.

• Takið með eigið snakk í bíla- nesti. Það er hollara og forðar ykkur frá fitandi freistingum.

• Farið varlega í sykraða kokteila og veljið ferskari drykki í staðinn.

• Farið á matreiðslunámskeið. Það losar um streitu og gefur fyrirheit um nýtt bragð í eld- húsinu eftir fríið.

• Eldið heima. Það eykur líkur á hollari kosti, er ódýrara og inni- hald matarins er öllum ljóst.

• Farið á matarmarkaði. Það út- heimtir hreyfingu og gefur kost á fersku hráefni og uppskeru.

• Varist hlaðborð. Það er erfitt að standast freistingar þegar valkostirnir eru margir. Notið litla diska sem taka minni skammta og fáið ykkur mikið af ávöxtum og grænmeti.

• Fyllið mínibarinn á hótelinu af hollu nasli, ávöxtum, grænmeti og hnetum.

• Vikkið sjóndeildarhringinn, fótgangandi eða hjólandi, til að upplifa umhverfið.

• Notið stiga í stað lyftu.

• Æfið úti við í góðu veðri og náttúru. Það gefur fallett útlit og hreint loft í lungun.

• Verið ævintýragjörn og prófið nýtt sport, til dæmis þjóðar- íþrótt landa sem þið heim- sakið, eins og jóga á Indlandi, flamenkó á Spáni eða tai chi í Kína.

• Notið eigin líkama til að gera þyngdaræfingar þegar þið kom- ist ekki í ræktina.

• Prófið innhverfa ihugun í fá- einar mínútur á dag. Það dregur úr kvíða og óróleika.

• Gleymið vinnunni og látið vinnupóstinn eiga sig. Það hreinsar hugann og minnkar streitu.

UPPRUNI FISKSINS Á DISKNUM

Eins og flestir vita er fiskur afskaplega hollur matur og hefur langlífi Íslendinga löngum verið tengt mikilli fiskneyslu gegnum tíðina. Fiskur inniheldur mörg lífsnauðsynleg næringarefni, snefilefni og vít- amín og því ættu flestir að borða fisk tvisvar í viku. Hingað til hafa neytendur ekki geta rakið uppruna þess fisks sem þeir borða með nákvæmum hætti, líkt og hægt er með mörg önnur matvæli. Nú hefur íslenska fyrirtækið Icelandic Fish Export í Bolungarvík þróað rekjanleikakerfi fyrir sjávarút- vegsfyrirtæki en verkefnið hlaut nýlega styrk hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands til frekari þróunar. Þannig munu neytendur geta, með aðstoð snjall- síma eða spjaldtölvu, fengið upplýsingar um fiskinn sem er á diskum þeirra hverju sinni. Á meðal upplýsinga er hvar fiskurinn var veiddur, hvernig veiðarfæri voru notuð til að veiða hann og hvar fisknum var landað ásamt ýmsum öðrum gagn- legum og skemmtilegum upplýsingum.



UPPRUNI Íslenskt fyrirtæki hefur þróað rekjanleikakerfi fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. MYND/NMI

Rekjanleikakerfið gerir einnig framleiðendum kleift að kynna styrkleika sína og uppruna fyrir viðskipta- vinum sínum sem ekki hefur verið hægt áður. Í framtíðinni er ætlunin að bjóða upp á enn ítar- legra efni, til dæmis stutt myndbönd, ljósmyndir, viðtöl og áhugaverðar staðreyndir um fiskinn, þorpin og fólk á bak við fiskinn.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður aug- lýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýs- ingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali Finnþógi Hillmarsson lögg. fasteignasali Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Óska eftir...



Vantar fleiri 100 fm og stærri sumarhús í Grímsnesinu á skrá

Allar nánari upplýsingar veita Jason Ólafsson, sölufulltrúi sími: 775-1515 jassi@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali



FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar - með þér alla leið -



Fallegt hús við Ljárskóga er nú til sölu.

Einbýli við Ljárskóga

Fasteignamarkaðurinn ehf. s: 570-4500 kynnir frábæra staðsett og vel skipulagt einbýlishús á þremur pöllum með stórra skjólgóðri verönd til suðurs við Ljárskóga.

Húsið er 210,9 fermetrar auk 38,4 fermetra bílskúrs og stendur á 1.067 fermetra lóð innst í botnlanga og er stór hellulögð innkeyrsla fyrir framan húsið. Seljendur eru tilbúnir að athuga með skipti á minni eign. Á neðsta palli er flísalögð forstofa og gestasalerni. Hol með

fataskápum. Stórt parketlagt herbergi er þar inn af með innréttingum og vaski.

Gengið er upp sjö þrep á miðpall þar sem er flísalagt sjónvarpshol þaðan sem gengið er út á stóra og skjólgóða viðarverönd til suðurs.

Þvottaherbergi þar sem gengið er út á baklöd. Flísalagður svefngangur þar sem eru þrjú barnaherbergi og hjónaherbergi. Baðherbergi með glugga, dúklagt í gólf og panelklæddir veggir, sturtuklefi og innrétting.

Á efsta palli eru samliggjandi stofur, parketlagðar, bjartar og

með fallegu útsýni út á sjóinn, að Akranesi, Reykjanesi og víðar. Fallegur arinn er í stofum.

Húsbóndaherbergi er parketlagt og mögulegt að taka niður vegg til að stækka stofu. Eldhúsið er opið við stofu og með bæsuðum viðarinnréttingum með flísum á milli skápa.

Húsið að utan er í góðu ástandi, sem og þak þess. Lóðin er ræktuð og frágengin með fallegum gróðri, tyrfdum flötum, stórra viðarverönd og stórra hellulagðri innkeyrslu með hitalögnum undir að hluta. Góður bílskur.

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Einar Páll Kjærstedt lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is
KJARNNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

Sólvallagata 63 - 101 Reykjavík



Opíð hús miðvikudaginn 6. ágúst frá kl. 17:00 til 18:00

Einastaklega glæsilegt 233,4 m² einbýlishús á þremur hæðum með bílskur við Sólvallagötu 63 í Reykjavík. Forstofa, hol, tvær stofur, borðstofa og eldhús á aðal hæð. Hol, stórt hjónaherbergi, tvö barnaherbergi og baðherbergi á efstu hæð. Sérinnangangur, hol, tvö herbergi, stórt þvottahús, salerni og geymsla á neðstu hæð. Húsið hefur fengið gott

viðhald og verið mikið endurbætt á vandaðan hátt á undanförunum árum. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. V. 87,5 m.

Línakur 6 - 210 Garðabær



Mjög glæsilegt 299,6 m² raðhús á þremur hæðum við Línakur 6 í Garðabæ. Í húsinu eru hjónasvita með fataherbergi og baðherbergi, 4 svefnherbergi, 3 önnur baðherbergi, glæsilegt eldhús, stofa. Fjölskyldurými eru stór og góð. Tvennar svalir eru á húsinu, garðsvalir á efstu hæð

og stórar svalir út frá stofu og þá er gengið út á verönd á jarðhæð.

Lómasalir 12 - 201 Kópavogur



Mjög björt og falleg 123,7 m², 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð með frábæru útsýni í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílageymslu við Lómasali 12 í Kópavogi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. V. 37,2 m.

Miðvangur 165 - 220 Hfj.
Nýtt á skrá Laus strax

218,2 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskur, á fallegum stað við Miðvang 165 í Hafnarfirði. V. 44,8 m.

Jörðagrunn 5 - 116 Kjalarnes
Nýtt á skrá Laus strax

200,9 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskur við Jörðagrunn 5 á Kjalanesi. Gott skipulag. Glæsilegt útsýni til höfuðborgarsvæðisins og víðar. V. 35,9 m.

Miðskógar 18 - 225 Álftanes
Nýtt á skrá Laus strax

